Kveikjur

Skýringar á táknum

Ritun

Framsögn og tjáning

Hópverkefni

Textabók

Kveikjur – Verkefnabók
ISBN 978-9979-0-1680-9

© 2013 Davíð Stefánsson, Sigrún Valdimarsdóttir
© 2013 Teikningar: Lára Garðarsdóttir
Höfundar og rétthafar texta sem vísað er til: Sjá lista aftast í bókinni

Ritstjórar: Aldís Yngvadóttir og Sigríður Wöhler

Ljósmynd á kápu er af listaverkinu *SemSé* eftir Ragnhildi Jóhannsdóttur, sem tók myndina.

Yfirlestur og ráðgjöf: Ágústa Ragnars, Ásta Sölvadóttir, Einar Daði Reynisson, Elva Traustadóttir, Guðrún Ásta Tryggvadóttir, Hanna Óladóttir, Ingólfur Steinsson

Yfirlesurum, ráðgjöfum og öðrum þeim sem komið hafa að verkinu eru færðar bestu þakkir fyrir aðstoðina.

1. útgáfa 2013
Námsgagnastofnun
Kópavogi

Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun
Prentvinnsla: Oddi ehf. – Umhverfisvottuð prentsmiðja

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Davíð A. Stefánsson

Sigrún Valdimarsdóttir

Kveikjur

Verkefnabók í íslensku

Efnisyfirlit

Pældu í þessu! 4
Í upphafi skyldi endirinn skoða 5

1. kafli – „Af hverju vil ég efla læsi?“ 6
Hvað liggur þér á hjarta? 6
Sms og skammstafanir 7
Textategundir og lestraraðferðir 8
Til umhugsunar 9
Fimmaurabrandarar 10
Málshættir 10
Lestraraðferðir 11
Stafrófið 14
Taktu stöðuna! 15

2. kafli – Mikill er máttur tungunnar 16
Draumur í dós! 16
Stafsetning 17
Nafnorð 17
Taktu stöðuna! 23

3. kafli – Fjölmiðlar eru læsilegir 24
Fyrirsagnir 24
Fornöfn 25
Fleiri fyrirsagnir 27
Að skapa úr dagblöðum 28
Leikur með auglýsingar 29
Hvenær á að skrifa y? 30
Taktu stöðuna! 31

4. kafli – „Ég skal sko segja þér ...“ 32
Lýsingarorð 32
Gildishlaðin orð 34
Bein lýsing/óbein lýsing 37
Atviksorð 38
Viðurnefni 40
Taktu stöðuna! 41

5. kafli – Þrautir úti í mýri, álög inni í stýri (ha?) 42
Sagan af Helgu Karlsdóttur 42
Sagnorð 43
Orðmyndun 44

Greinarmerki 45
Bein og óbein ræða 45
Viðtöl 46
Meira um sagnorð 46
Sögusvið 48
Farið hefur fé betra 50
Kyn orða eða kynjaorð 50
Taktu stöðuna! 51

6. kafli – Fræðilegur lestur en ekki hræðilegur 52
Lestraræfingar 52
Punktur, punktur, komma, strik 56
Taktu stöðuna! 57

7. kafli – Hvað á tungumálið að þýða? 58
Orðmyndun 58
Orðhlutar 62
Taktu stöðuna! 63

8. kafli – Ást er ... að týnast í orðum 64
Hjartsláttur 64
Ást er 64
Sjónarhorn 66
Atburðarás 69
Greinarmerki 69
Taktu stöðuna! 71

9. kafli – Unglingurinn sem ljóðaði yfir sig 72
Leikur að ljóðum 72
Ljóðagreining 74
Býr skáld í þér? 75
Annars konar ljóðagreining 76
Taktu stöðuna! 77

10. kafli – Öll þessi skilaboð 78
Smáauglýsingar eru engar smá auglýsingar 78
Fleiri auglýsingar 80
Taktu stöðuna! 81
Textatilvísanir 82
Myndaskrá 83

Pældu í þessu!

- ✓ Hvað kanntu í íslensku?
- ✓ Til hvers þarftu að læra íslensku?
- ✓ Hvað þarftu að kunna? Af hverju?
- ✓ Hvað kanntu vel?
- ✓ Hvað þarftu að læra betur? Af hverju?
- ✓ Til hvers þarftu að þjálfa lestur?
- ✓ Til hvers þarftu að geta skrifað texta?
- ✓ Kanntu að skrifa mismunandi texta?
- ✓ Kanntu að segja sögur?
- ✓ Hvað þarf saga að innihalda?
- ✓ Til hvers þarftu að læra um skáldskap? Sögur og ljóð?
- ✓ Hvað græðir þú á því að hafa góðan orðaforða og nota ólík orð við ólík tækifæri?
- ✓ Hvernig getur þú verið skapandi í íslensku?
- ✓ Til hvers þarftu að kunna málfræði?
- ✓ Til hvers þarftu að læra og æfa rétta stafsetningu?
- ✓ Hvaða hag hefur þú af því að æfa framsögn og tjáningu?
- ✓ Til hvers þarftu að þjálfa hlustun?
- ✓ Hvað finnst þér skemmtilegast í íslensku? Af hverju?
- ✓ Hvað finnst þér leiðinlegast í íslensku? Af hverju?

Í upphafi skyldi
endirinn skoða

Áður en þú hefst handa er gott að lesa spurningarnar hér að framan og kanna hver staða þín í íslensku er við upphaf áttunda bekkjar. Svaraðu spurningunum af heiðarleika því þannig nýtast þær best. Staldraðu svo við og skoðaðu hvaða atriði þú ert nokkurn veginn með á hreinu og hvaða atriði þú átt eftir að læra betur. Í lok hvers kafla eru spurningar sem þú getur nýtt þér til að átta þig á því hvað þú hefur lært.

Hvers konar bók er þetta og hvernig á að nota hana?

Þetta er fjölnota verkefnabók í íslensku og er hluti af íslenskunámsefninu *Kveikjum* fyrir áttunda bekk. Í bókinni eru fjölbreytt verkefni sem ætlað er að auka þekkingu þína og færni í íslensku. Öll verkefni bókarinnar verða unnin í stílabók og eru hluti af námsmati þínu í vetur. Sum eru stór en önnur smá, sum eru einföld, hefðbundin og fljótleyst á meðan önnur krefjast meiri vinnu og taka lengri tíma. Passaðu vel upp á verkefnin þín og vandaðu þig strax frá upphafi við vinnuna.

Til að auðvelda þér flakkið á milli textabókar og verkefnabókar er að finna þennan vegvísi



sem bendir þér á hvenær þú átt að lesa í textabókinni áður en lengra er haldið í þessari bók.

„Af hverju vil ég efla læsi?“



Hvað liggur þér á hjarta?

1.

Ef þú værir með aðgang að Fésbókinni hér og nú, hvaða stöðuuppfærslu myndir þú birta?

Veltir þú fyrir þér hvaða skilaboð þú sendir út um þig þegar þú skrifar stöðu á Fésbók?

Hugsar þú um hvort orðin eru við hæfi? Getur maður leyft sér að skrifa hvað sem er á Fésbókina? Finndu dæmi um stöðuuppfærslu sem er ekki við hæfi.

2.

Þú fannst þessa mynd á netinu og ætlar að pósta henni á Fésbók. Hvaða texta myndir þú setja með henni?

3.

Í daglegu tali virðist Fésbókin helst ganga undir sínu enska heiti, Facebook. Margar tilraunir hafa verið gerðar til að þýða þetta orð en ekkert eitt orð virðist hafa náð almennri útbreiðslu.

Þýddu orðin **face** og **book** og finndu eins mörg samheiti yfir íslensku þýðinguna og þú mögulega getur.

Settu saman þessi orð á eins fjölbreyttan máta og þú getur og veldu að lokum þá samsetningu sem þér líst best á. Vertu tilbúin(n) með rök fyrir vali þínu – af hverju er þessi samsetning best yfir fyrirbærið Facebook?

Berðu þig saman við bekkjarfélagana. Eru margir með sömu tillögurnar? Hvernig stendur á því? Völduð þið sömu samsetninguna sem þá bestu eða er mikil fjölbreytni í valinu? Kjósið að lokum um bestu samsetningu bekkjarins.

SMS og skammstafanir

4.

Skrifaðu eftirfarandi texta í stuttum sms–skilaboðum:

Ég er nýkominn heim og er búinn að versla það allra helsta í matinn, ástin mín. Mamma og pabbi koma í mat eftir klukkutíma, gætirðu verið svo væn að koma við í blómabúð að eigin vali og kaupa fallegan vönd? Og ef þú hefur tíma væri gott ef þú gætir skotist í sérverslun og keypt góðan mygluost, það var enginn almennilegur þannig í búðinni sem ég fór í.

Kveðja, Stjáni.

Heyrðu góði minn, ég skil ekki hvaða rugl er í gangi þarna hjá þér. Ég sagði aldrei að ég ætlaði með þér í bíó eða keilu eða neitt svoleiðis, ég sagðist bara ætla að hugsa málið og sjá til hvernig mér liði í dag og lofaði ekki neinu. Þú ert frekur eins og naut og leiðinlegur eins og hjartalínurit og ég nenni ekki að standa í þessu. Finndu þér einhverja aðra til að leika við.

5.

Skrifaðu þessi sms–skilaboð eins og amma eða afi myndu gera það.

thu ert aedi <3 hittumst @ sjoppan í kvold

omg ma er klikkuð ég fékk 10 þús kall i simareikning

Hvernig sms var hún að fá?

Við notum skammstafanir til að stytta mál okkar í ritmáli.

Til dæmis = t.d.

Klukkustund = klst.

Herra = Hr.

Síðastliðinn = sl.

Frú = Fr.

Og svo framvegis = o.s.frv.

Er rétt farið með skammstöfunina hér í glugganum?

6.

Í íslensku eru nokkrar algengar skammstafanir sem gott er að þekkja til. Um þær gildir sú meginregla að settur er punktur eftir fyrsta staf eða fyrstu stafina í hverju orði sem er skammstafað. Í skammstöfunum sem hér koma virðist það þó ekki alltaf vera raunin.

Flettu upp í málfræðibók og lestu regluna um punktanotkun í skammstöfunum. Skoðaðu næst þessar skammstafanir og finndu út fyrir hvað þær standa.

a.m.k.	**HÍ**	**o.fl.**	**u.þ.b.**
ath.	**m.a.**	**o.þ.h.**	**ASÍ**
bls.	**m.a.s.**	**sbr.**	**m.ö.ö.**
e.h.	**m.t.t.**	**skv.**	**þ.e.a.s**
kl.	**nk.**	**t.a.m.**	

7.

Veldu fimm skammstafanir úr 6. verkefni og búðu til setningar þar sem þú sýnir hvernig þær eru notaðar.

T 16

Textategundir og lestraraðferðir

8.

Hvar sérðu texta á hefðbundnum degi?

Er texti t.d. í íþróttahúsinu, í bíó, í bakaríinu, á heilsugæslunni, í sjónvarpinu, í umferðinni, í tölvunni, á snyrtingunni, í skólabílnum? Hvernig texta er að finna á þessum ólíku stöðum?

Hvernig texta er líklegt að sjá á almenningssalerni?

9.

Svaraðu eftirfarandi spurningum í samfelldu máli.

- Af hverju er texti út um allt?
- Kemur þú á staði þar sem ekki er nokkurn texta að finna? Hvaða staðir eru það?
- Af hverju eru ekki textar þar?
- Eru textar á stöðum þar sem þeir eru óþarfir? Hvaða staðir eru það?
- Getum við bjargað okkur án texta?
- Hvers konar textar eru nauðsynlegir?
- Hverjir eru óþarfir eða ónauðsynlegir?

Texti getur verið fræðandi, leiðbeinandi eða hrein skemmtun. Yfirleitt hefur hann tilgang, oftast mjög skýran en stundum ansi óljósan. Þá getur einn og sami textinn haft fleiri en eitt markmið.

Hvert er markmið þessa texta?



Til umhugsunar!

Allan daginn um allan bæinn lestu texta.

- Hvernig texta lestu á hefðbundnum degi?
- Hvernig texta lestu sem þú þarft aðeins að renna hratt yfir til að ná aðalatriðunum?
- Hvernig texta lestu sem krefst fullrar athygli þinnar?
- Hvernig texta lestu sem krefst þess að þú gefir þér góðan tíma til að lesa hann, allt frá einni klukkustund upp í margar á viku?
- Hvernig getur þú aukið lestrarhraða þinn?
- Hvernig getur þú aukið áhuga þinn á lestri?
- Hvernig texti eykur orðaforða þinn?
- Hvernig texti fær þig til að njóta lesturs?

10.

Hvaða textategundir eru ætlaðar til að

– skemmta?

– fræða?

– leiðbeina?

Teldu upp eins margar textategundir við hvern flokk og þú getur. Berðu þig saman við bekkjarfélaga, voru listarnir ykkar líkir?

11.

Hvernig texti er mest áberandi í þínu umhverfi – sem þú lest daglega?

Er það texti sem:

– skemmtir?

– fræðir?

– leiðbeinir?

Hugsaðu málið – finndu eins mörg dæmi um hverja textategund úr daglegu lífi og þú getur.

Fimmaurabrandarar

Fimmaurabrandarar eru útskýrðir í orðabók sem léleg fyndni. Þeir vekja samt oft upp hlátur og eru býsna skemmtilegir en líklega geta flestir sæst á að sú fyndni telst nokkuð ódýr = fimm aura virði.



12.

Búðu til eða finndu nokkra sem gætu talist fimmaurabrandarar. Láttu á það reyna! Til að koma þér í gírinn koma tveir fimm aura virði hér:

Hvernig eru steinarnir á botni Þingvallavatns?

Blautir!

Af hverju nota slökkviliðsmenn rauð axlabönd?

Til að halda buxunum uppi!

Málshættir

Málshættir lífga upp á tungumálið. Í örfáum og hnitmiðuðum orðum ná þeir að lýsa heilmiklum sannleik, sem oft felur bæði í sér leiðbeiningar og lífsspeki. Málshættir eru eins og grænmetiskraftur þar sem er búið að sjóða niður fullt af grænmeti og vinna úr því mesta og sterkasta bragðið!

Sverrir Stormsker, tónlistarmaður og rithöfundur, hefur stundað það af mikilli íþrótt að snúa út úr velþekktum málsháttum.

Í meðförum hans breytist málsháttur inn Blindur er bóklaus maður og verður Blindur er sjónlaus maður. Þetta er einföld breyting sem gerir málsháttinn broslegri með því að halda fram hinu augljósa – en um leið er áfram sannleikskorn í honum. Fleiri málshættir úr smiðju Sverris eru m.a. þessir:

Sá hlær oft sem víða hlær.
Oft er grafinn maður dáinn.
Oft byrjar málsháttur á oft.

13.

Prófaðu að semja þína eigin málshætti. Þú getur líka flett upp í málsháttasafni og leikið þér að því að snúa út úr gömlum og góðum málsháttum.

Lestraraðferðir

14.

Hvernig lestu?

- Ég renni augunum yfir línurnar.
- Ég skapa myndir af orðunum í huganum.
- Ég les orðin upphátt „í huganum".
- Ég stafa mig í gegnum hvert orð.
- Ég les þar til ég skil hvert orð.
- Ég giska á merkingu orðanna og samhengið í textanum.
- Lestu alltaf með sömu aðferð? Hvernig texta dugar að renna hratt yfir? En hvenær er nauðsynlegt að lesa ítarlega?

15.

Hér eru taldar upp nokkrar textagerðir.

Skáldsaga
Fræðigrein
Ljóð
Uppskriftabók
Leiðbeiningar
Ævintýri
Símaskrá
Orðabók
Íslendingasaga
Teiknimyndasaga
Slúðurblað
Námsbók
Þjóðsögur
Fréttaveita fésbókar
Auglýsingasíður

Flokkaðu textagerðirnar eftir því hvaða aðferð væri best að nota eftir eðli textans.

1) Skimun
2) Punktalestur
3) Djúplestur
4) Yndislestur

Berðu þig saman við bekkjarfélagana. Eru niðurstöður ykkar samhljóða eða munar einhverju? Af hverju telurðu að svo sé?

16.

Finndu öll sérnöfnin í textanum hér:

Í gegnum tíðina hafa menn tekið eftir því að orð úr mismunandi tungumálum líkjast hvert öðru og velt fyrir sér hvers vegna tungumál eru lík eða ólík. Í Evrópu, eftir kristnitöku, var því haldið fram að allir hefðu í upphafi talað hebresku. Það var tungumálið sem Gamla testamentið var skrifað á og því hlutu Adam og Eva að hafa talað hebresku í Paradís. Í Biblíunni, nánar tiltekið í 11. kafla 1. Mósebók, er svo útskýring á því hvers vegna til varð ógrynni ólíkra tungumála. Í frásögninni segir af mönnum sem ætluðu í sameiningu að byggja svo háan turn að hann næði til himins. Guði féll sú hugmynd ekki vel í geð og þess vegna greip hann fram fyrir hendur mannanna með því að rugla tungumálum þeirra og koma í veg fyrir að þeir skildu hver annan. Þar með gáfust mennirnir upp á að byggja turninn og tvístruðust þeir um alla jörðina. Sagan af turninum mun eiga rætur að rekja til turns sem tilheyrði musterisbyggingum í borginni Babýlon við Efrat. Orðatiltækið babelsk ringulreið, eða kaos, er til í mörgum evrópskum tungumálum og gefur til kynna þær aðstæður sem sköpuðust eftir að Guð greip inn í og stöðvaði byggingu turnsins með því að rugla tungumálum mannanna.

Þurftir þú að lesa allan textann til að finna sérnöfnin? Hvaða lestraraðferð beittir þú?

17.

Skoðaðu textann aftur og skrifaðu núna niður öll samsettu orðin í honum.

Dæmi um samsett orð: sérnöfn = sér + nöfn.

- Hversu mörg samsett orð fannstu?
- Hvaða lestraraðferð notaðir þú núna?
- Af hverju?



18.

Hver er kjarni málsins?

Lestu textann hér og gerðu þrjár spurningar úr honum, eins og þú værir að semja próf-spurningar.

Apar eins og við þekkjum þá í dag urðu til með þróun sem staðið hefur yfir í mjög langan tíma. Talið er að fyrstu prímatarnir hafi komi fram á sjónarsviðið á miðju Paleósentíma-bilinu fyrir um 60 milljónum ára. Þessir forfeður apa nútímans líktust frekar íkornum en öpum því þeir voru mjög litlir og hegðuðu sér líkt og nagdýr.

Fornlífræðingar hafa greint einn meginmun á þeim og hefðbundnum nagdýrum. Hann er sá að þeir höfðu framfótapar sem þeir notuðu til þess að klifra og grípa utan um hluti en slíkt hafa nagdýr ekki, alla vega ekki eins vel þróað og frumstæðir prímatar. Þessi hæfileiki átti síðar eftir að þróast betur og ná „fullkomnun“ hjá mannöpum svo sem mönnum (Homo sapiens), simpönsum (Pan troglodytes) og bonobo-öpum (Pan paniscus) sem eru náskyldir simpönsum. Með tím-anum komu svo fram sannir prímatar sem við þekkjum í dag.

Þessi aðlögun að trjálífinu hefur tekið milljónir ára og breytingar í þá átt verið hægar. Kosturinn við full-komna aðlögun að lífi í trjám var aug-ljós, vörn gegn rándýrum og gnægta-borð matar í háum trjám regnskóganna (þar sem prímatar eru taldir hafa komið fram.

Hvaða lestraraðferð notaðir þú í þetta verkefni?

Berðu spurningar þínar saman við þær sem sessunautur þinn gerði. Voru þær líkar?

T 22

Stafrófið

A Á B C D Đ E É F G H I Í J K L M N O Ó P R

19.

Af hverju er gott að kunna stafrófið? Við hvaða aðstæður kemur sér vel að hafa það á hreinu?

Ein góð leið til að æfa sig er að fara í keppni. Byrjaðu á því að renna augum nokkrum sinnum yfir stafrófið til að þjálfa augun og koma heilanum af stað. Raðaðu síðan eftirfarandi orðum í stafrófsröð og taktu tímann í keppni við aðra nemendur:

lífmóðir	annarlega	minniháttar	ókeypis	brúðartertu
ljósmóðir	magn	feðra	sýnishorn	geimfari
lyginn	sofandaháttur	hjólatúr	stighækkandi	fjölmiðill
öruggur	ekki	minta	ánetjast	útskýra
fæla	samskipti	útsýni	Öskjuhlíð	tískusveiflur
frestunar	ananas	nágrenni	bakarí	heilmikil
baðs	ugla	eiturlyf	fermingarkaka	stagl
meta	önugur	vanlíðan	kerling	upphaf
fíll	fiskinn	hættulegur	augljóslega	

S T U Ú V X Y Ý Z Þ Æ Ö

Hvert er stysta orð í íslensku?
Eru þau fleiri en eitt?
Hvert er lengsta íslenska orðið?

Það að hafa stafrófið nokkurn veginn á hreinu flýtir ótrúlega mikið fyrir þér í allri leit að upplýsingum – það er því þess virði að verja nokkrum mínútum í að æfa það!

20.

Prófaðu að setja saman eins langt orð og þú getur. Getur þú fallbeygt orðið?

Berðu þig saman við bekkjarfélagana. Hvernig gekk ykkur? Hve margir stafir voru í lengsta orðinu?

Í íslensku þarf bæði að nota sérhljóð og samhljóð til að mynda gjaldgeng orð – þótt til séu orð sem hafa einungis eitt hljóð.

21.

Í eftirfarandi stafarunu eru engin sérhljóð. Settu inn sérhljóð að eigin vali og myndaðu eins mörg orð og þú getur úr stafarununni. Þú mátt rugla stöfunum eins og þú vilt en ekki má bæta við samhljóðum!

LSTR	GT	STRKTRSJÐR
VRKFN	VNGVLTR	SSS
STFRN	HJLBRTT	MLFRÐRGLR
NDLTSKRM	NN	

22.

Hér á eftir vantar hins vegar öll samhljóð. Settu inn viðeigandi samhljóð að eigin vali og myndaðu eins mörg orð og þú getur úr stafarununni. Þú mátt rugla stöfunum eins og þú vilt en ekki má bæta sérhljóðum við!

E–U	AU–U	A–Ó	A–E–U
Ö–U	É–Ó	Á–A	

Hver stafur í orði gefur eitt stig – teldu hvað þú nærð mörgum stigum og berðu þig saman við bekkjarfélagana í lokin. Var auðveldara að búa til orð úr samhljóðunum eða sérhljóðunum?

Taktu stöðuna!



2. kafli

Mikill er máttur tungunnar

Draumur í dós!

Nú gefst þér og félögum þínum tækifæri til að setja á markað ykkar eigin drykk og líka eitthvað til að narta í með drykknum.

1.

Hvað þarf að hafa í huga þegar ný neysluvara er sett á markað?

- Hver er markhópur vörunnar?
  Börn, unglingar, fullorðnir, karlar, konur?
  Nammigrísir, íþróttafólk, koffínfíklar, grænmetisætur?
- Hvert er nafn vörunnar?
  Innihald?
  Umbúðir?
- Hvernig ætlið þið að koma vörunni á framfæri?
  Hvaða sölustaðir henta fyrir vöruna?
  Þarf að búa til auglýsingar?
  Slagorð?
  Hvar á að auglýsa, í hvernig miðli?
  Dagblað, tímarit, útvarp, sjónvarp,
  samskiptasíður, fréttasíður.

T 29

Stafsetning

Kæri mótagandi,

ég vill sækja um vinnu hjá þér í sumar, hveddnig líst þér á það? Ég vill bara fá sem mest af penigum og líka vill ég bara vinna sem styðstan vinnudag því ég er með leti skiluru. First þegar ég vann hjá Hermanni frænda mínum á síðasta sumri fékk ég fult af launum og hann segir að hann geti gefið þér meðmali með mér ef að þú villt fá. Allt sem ég vil og pabbi og mamma líka er að ég geti kaupt mitt eigið dót því að þau segja mér að þau vilja ekki eiða svona miklum penigum í ímislegt dót!

Ef þú átt vinnu handa mér hrindu þá í síman minn sem er 999–6543 eða sendu sms eða póst á meilinn minn hxh@island.is takk.

2.

Hvað er athugavert við þetta bréf? Hvaða atriði þarfnast lagfæringar?

3.

Skoðaðu undirstrikuðu orðin vel. Hvernig á að skrifa þau? Hvaða stafsetningarreglur gilda við ritun þeirra? Það flýtir fyrir þér að greina orðflokk þeirra áður en þú leitar uppi reglurnar!

4.

Skrifaðu bréfið upp og gættu að stafsetningu og góðu málfari.

Mundu handbækur!

Nafnorð

5.

Ísskápurinn er svo gott sem tómur og kexskúffan líka. Skrifaðu niður innkaupalista fyrir ferðina í matvöruverslunina.

6.

Ef þú mættir ekki nota nafnorð á innkaupalistanum, hvernig myndir þú skrá niður það sem þú ætlar að kaupa? Skrifaðu listann aftur upp og nú án nafnorða.

Auðvelda nafnorðin þér að gera innkaupalista? Eru nafnorð nauðsynleg? Af hverju?

7.

Skoðaðu þennan texta:

Fiskar hafa mikla sköpunargáfu og finna sér oft starf sem tengist listum, gjarnan ljóðlist eða rómantískum bókmenntum, og margir Fiskar eru tónlistarmenn eða vinna við kvikmyndir. Fiskar hafa líka einlægan áhuga á náttúrunni og umhverfisvernd, trúarbrögðum og félagslega bágstöddu fólki, svo störf á þeim vettvangi gætu veitt þeim mikla ánægju. Draumlyndi Fisksins veldur því hins vegar að hann verður oft fyrir vonbrigðum í lífinu og hann mætti gjarnan tileinka sér raunsærri lífssýn á ýmsum sviðum.

Og svo þennan hér:

___ hafa mikla ___ og finna sér oft ___ sem tengist ___, gjarnan ___ eða rómantískum ___, og margir ___ eru ___ eða vinna við ___. ___ hafa líka einlægan ___ á ___ og ___, ___ og félagslega bágstöddu ___, svo ___ á þeim ___ gætu veitt þeim mikla ___. ___ ___ veldur því hins vegar að hann verður oft fyrir ___ í ___ og hann mætti gjarnan tileinka sér raunsærri ___ á ýmsum ___.

Hvað breyttist? Hvaða áhrif hefur sú breyting? Er hægt að skilja seinni textann?

8.

Leiktu þér að því að setja inn orð í stað eyðanna í seinni texta 7. verkefnis en passaðu að hafa samhengi í textanum.

Hlutlæg orð tákna áþreifanlega hluti, lifandi eða dauða s.s. köttur, bók, vatn og steinn.

Huglæg orð tákna það sem ekki er áþreifanlegt s.s. ást, gleði, loft, draumur og lestur.

9.

Skoðaðu aftur textann í 7. verkefni og flokkaðu nafnorðin eftir því hvort þau eru hlutlæg eða huglæg. Voru einhver orð sem þú áttir erfitt með að greina á milli?

10.

Ertu fiskur, ljón eða sporðdreki? Semdu „stjörnuspá dagsins“ fyrir hvert stjörnumerki. Láttu stjörnuspárnar vera ýmist fyndnar eða dramatískar.



Það borgar sig að þekkja helstu málfræðireglur. Þær eru einfaldlega eins og beinagrindin í tungumálinu – undirstaðan sem heldur tungumálinu saman. Og það er afar gagnlegt að þekkja hvernig beinagrindin virkar, líka til að geta á auðveldari hátt lært önnur tungumál. Þetta hangir nefnilega allt saman!

Málfræðihugtök eru einfaldlega heiti yfir mynstur í tungumálinu. Hvert hugtak er hugsað sem hjálpartæki og til þess að það virki dugir ekki að vita hvað það heitir – þú þarft að skilja hvernig það hjálpar þér!

Fallbeyging er eitt megineinkenni nafnorða. Nú þegar kanntu að fallbeygja flest íslensk orð og það lærðir þú án mikillar fyrirhafnar, eiginlega ómeðvitað. Það er kannski ekki lífshættulegt að fallbeygja eða stafsetja vitlaust, en það getur samt valdið töluverðum misskilningi. Hver er t.d. munurinn á því að koma með vin á skólaball eða með vini á skólaball? Hver er munurinn á þessu:

„Viltu fara með mér á skíði?“

„Viltu fara með mig á skíði?“

Finndu fleiri dæmi þar sem fallbeygingin er merkingarbær – þar sem hún hefur bein áhrif á merkingu setningarinnar.

Skoðaðu þessi orð:

nf.	hest**ur**	prest**ur**	nf.	hestar	prestar
þf.	hest	prest	þf.	hesta	presta
þgf.	hest**i**	prest**i**	þgf.	hestum	prestum
ef.	hest**s**	prest**s**	ef.	hesta	presta

Tókstu eftir því að ákveðinn hluti orðanna breyttist ekki í fallbeygingunni?

Sá hluti er kallaður **stofn og finnst í þolfalli eintölu**. Það sem kemur á eftir stofninum í öðrum föllum kallast beygingarendingar.

Ein tegund orðmyndunar kallast stofnsamsetning. Dæmi: Hest – hús. Bíl – skúr. Eld – hús. Sérðu af hverju?

Mörg orð fallbeygjast eins, þ.e. hafa sömu beygingarendingar (eins og hestur og prestur) og það er ein ástæða fyrir því að þú kannt þegar að fallbeygja flest orð. Þú flettir upp í orðasafni heilans og mátar orð sem þú ert óviss um og finnur annað orð sem fallbeygist eins.

11.

Reyndu að finna fleiri orð sem fallbeygjast eins og hestur.

Til að flækja málin aðeins þarftu að vita að þegar nafnorð endar á sérhljóða (a, u, i) í þolfalli eintölu, þá fellur sérhljóðinn niður í stofninum:

nf.	kona	hani
þf.	kon~~u~~	han~~a~~
þgf.	konu	hana
ef.	konu	hana

Stofninn af kona er kon og stofninn af hani er han.

Kennifall er eitt fjölmargra hugtaka úr málfræðinni sem gott er að þekkja. Orðhlutinn kenni- í orðinu kennifall þýðir að þekkja, þannig að kennifall hjálpar þér að þekkja orðið og hvernig það er fallbeygt.

Orðið kirkja á sér þrjú kenniföll:

	et.	ft.
nf. (Hér er)	kirkja	kirkjur
þf. (um)	kirkju	kirkjur
þgf. (frá)	kirkju	kirkjum
ef. (til)	kirkju	kirkna

Í orðabókum er orðið kirkja skráð svona: kirkja -u, -ur KVK.





Fyrir hvað standa -u og -ur? En KVK?

Áttar þú þig á hvernig kenniföll geta hjálpað þér við fallbeygingu orða sem þú ert ekki alveg viss hvernig á að fallbeygja?

Geturðu útskýrt af hverju kenniföll eru stundum nefnd orðabókarmynd nafnorða?

12.

Finndu kenniföll þessara orða: höfundur, hnífur, nál, rós, tré og land. Notaðu fyrst eigin kunnáttu og ályktunarhæfni en gríptu til orðabókarinnar ef þú ert óviss.

13.

Detta þér í hug einhver nafnorð sem þú ert ekki alveg viss um hvernig á að fallbeygja? Finndu a.m.k. fimm orð, skrifaðu þau hjá þér, flettu þeim síðan upp og æfðu þig að fallbeygja þau í huganum.

Hvernig fallbeygjast orðin systir, móðir, bróðir, faðir, fé, fjörður, ær og kýr?

Beygingarflokkar þessara orða eru sjaldgæfir, þ.e. fá orð fylla flokk þeirra og því hafa margir tilhneigingu til að hoppa yfir í algengari beygingarflokk og beygja þau eftir algengara beygingarmynstri.

Flest nafnorð geta staðið í eintölu og fleirtölu, t.d. ein bók, margar bækur.

Sum orð eru þó eingöngu til í eintölu – og önnur aðeins í fleirtölu. Dæmi: Skæri, mjöl, buxur, naglaklippur, fólk.



14.

Skoðaðu nafnorðin í þessum texta vel. Hver þeirra eru aðeins til í eintölu? En í fleirtölu? Hver geta staðið í báðum tölum?

Til að auðvelda þér verkið skaltu nota orðabók.

Upp úr miðnætti lagðist ég á koddann en ákvað að vera kærulaus og hresslegur og sleppti því alveg að fara úr buxunum. Ánægjan með daginn hrískaðist um allan skrokkinn því jólin voru á næsta leiti; pabbi og ég höfðum svo sannarlega leikið góða feðga í dag og tekið hús á nágrönnunum með fullar hjólbörur af bakkelsi og skrauti fyrir jólin, allir útataðir í mjólk, hveiti og sykri eftir að hafa bakað smákökur í mörgum sortum. Fjáröfluninni átti að ljúka á morgun og ferðalagið stóð fyrir dyrum, rétt svo handan við hornið! Spenningurinn hrískaðist úr hvirflinum, niður í herðar og út um tærnar í gegnum bakið – þetta yrði sko upplifun upp á verðlaunapening úr gulli … eða silfri … eða bronsi … eða kopar … eða bara ... eða bara einhverju alveg rosalega skínandi og merkilegu! Ég bara gat ekki beðið!

Skoðaðu þessar minnisvísur eftir Höskuld Þráinsson.

Nokkur eintöluorð:

Kaffi, sykur, hveiti, mjólk,
kopar, silfur, bræði,
kæfa, lýsi, kæti, tólg,
kerskni, ástúð, mæði.

Nokkur fleirtöluorð:

Mjaltir, snoðir, mæðgur, glöp,
mægðir, feðgar, kenjar,
börur, herðar, buxur, sköp,
birgðir, tengdir, menjar.

Ástkæra móðir! Yndislega, hlýja, alltumlykjandi, kæra, ljúfa, góða, elskandi, alltumvefjandi, elskulega ...

Það er hægt að orða hluti á afar ólíkan hátt, enda eru til ótal samheiti yfir langflest orð í íslensku. Sum eru hátíðleg og stíf, önnur flippuð og frjáls. Sum eru líka algerlega óskiljanleg!

15.

Hér er stuttur texti úr sögunni um Matthildi. Notaðu samheitaorðabók til að skipa út öllum orðum í textanum sem hægt er að skipta út.

> Það er nógu slæmt þegar foreldrar koma fram við börn sín eins og þau væru líkþorn eða dautt skinn, en það verður einhvern veginn enn verra þegar börnin, sem hlut eiga að máli, eru hreint einstök og með því á ég við að þau séu bæði gáfuð og tilfinninganæm. Matthildur var hvort tveggja, en umfram allt var hún fluggáfuð. Hugur hennar var svo fimur og hún var svo fljót að læra að þessi eiginleiki hennar hefði átt að vera augljós jafnvel heimskustu foreldrum. En herra og frú Ormar voru bæði svo hugsunarlaus og svo flækt í ómerkilegt lífsmynstur sitt að þau tóku ekki eftir neinu óvenjulegu í fari dóttur sinnar. Í sannleika sagt, þá efast ég um að þau tækju eftir því þótt hún skriði fótbrotin inn á heimilið.

16.

Hver er uppáhaldskvikmyndin þín?

Settu þig í spor kvikmyndagagnrýnanda og fjallaðu um uppáhaldskvikmyndina þína.

Þú getur skoðað kvikmyndagagnrýni í dagblöðum og á netinu til að fá hugmyndir um hvernig á að skrifa slíka gagnrýni.

Það eru þó nokkur atriði sem þurfa alltaf að koma fram s.s.

- heiti myndar
- framleiðandi
- heiti leikstjóra
- heiti leikara í aðalhlutverki
- stutt frásögn um efni myndarinnar (stuttur útdráttur)
- mat á því hvernig sagan kemst til skila (hefur hún þau áhrif sem henni er ætlað, er hún trúverðug, eru persónur og sögusvið trúverðugar)
- mat á frammistöðu aðalleikara
- mat á mynd- og hljóðgæðum
- önnur atriði sem þér finnst mikilvæg.

Flestir kvikmyndagagnrýnendur gefa myndum einkunnir, allt frá hauskúpu (mjög léleg) upp í fimm stjörnur. Eftir að þú hefur rýnt í þína uppáhaldskvikmynd er forvitnilegt að heyra hversu margar stjörnur þú vilt gefa henni.

Taktu stöðuna!

Ég... SKILABOÐ

get nefnt mörg dæmi um í hvað og til hvers ég nota tungumálið.

veit af hverju er mikilvægt að þjálfa læsi.

kann fimm stafsetningarreglur upp á hár.

veit hvaða þýðingu nafnorð hafa í tungumálinu.

þekki muninn á huglægum og hlutlægum orðum.

veit af hverju fallbeyging skiptir máli.

kann að finna stofn nafnorða.

kann að nota orðabók til að skoða fall-beygingu orða.

veit til hvaða ráða ég get gripið ef ég er ekki viss hvernig á að fallbeygja nafnorð.

geri mér grein fyrir hvað getur gerst ef engar málfræðireglur væru til.

Textaboð Senda

T 34

3. kafli

Fjölmiðlar eru læsilegir

Fyrirsagnir

1.

Eitthvað er bogið við fyrirsagnirnar hér! Hvaða orð finnst þér vanta? Skrifaðu allt sem þér dettur í hug.

[redacted] ræðst á mann.

Látnir kyssa [redacted]

Stóð út á [redacted] og hrópaði [redacted].

[redacted]em fer til Noregs er klár.[redacted]

Magnús gleymdist í [redacted]

Kattapartý vekur [redacted]

Skalf eftir ski[redacted]

2.

Hvað er að gerast bak við þessar luktu dyr?

Semdu þrjár fyrirsagnir sem fylgja þessari mynd: eina fyndna, aðra sorglega og þá þriðju eftir eigin höfði.

Fornöfn

3.

Hver er munurinn á þessum tveimur textum?
Hvorn textann finnst þér þægilegra að lesa?
Af hverju?

Með ekka eftir sigur á ólympíuleikum

„Í leikskóla sagði Jón Margeir alltaf: Jón Margeir dedur ekki, dedur ekki. Það þýddi Jón Margeir getur ekki. En Jón Margeir er búinn að sýna núna að Jón Margeir getur," segir Erla Margrét Sverrisdóttir, föðuramma hins rétt tæplega tvítuga Jóns Margeirs Sverrissonar, gulldrengs Íslands. „Jón Margeir uppskar eins og Jón Margeir sáði."

[…]

„Erla Margrét, amma hátt á sjötugsaldri, hoppaði og öskraði. Erla Margrét hreinlega varð brjáluð. Augnablikið þegar Jón Margeir kom fyrstur að bakkanum, það brjótast allar tilfinningar út. Erla Margrét hefði ekki getað ímyndað Erlu Margréti þetta. Sigurinn er meiriháttar," segir Erla Margrét. „Og tilfinningaflóran þegar pabbi Jóns Margeirs kemur með Jón Margeir labbandi út úr sundhöllinni. Erla Margrét var nú hætt að gráta, en að sjá Jón Margeir standa þarna. Erla Margrét var með ekka. Þá brustu Jón Margeir, amman, pabbinn, mamman, systirin og bróðirinn í grát. Gráturinn var hreinar gleðitilfinningar enda einstakur viðburður; „Once in a lifetime"."

Með ekka eftir sigur á ólympíuleikum

„Í leikskóla sagði hann alltaf: Ég ded ekki, ded ekki. Það þýddi ég get ekki. En hann er búinn að sýna núna að hann getur," segir Erla Margrét Sverrisdóttir, föðuramma hins rétt tæplega tvítuga Jóns Margeirs Sverrissonar, gulldrengs Íslands. „Hann uppskar eins og hann sáði."

[…]

„Ég, amma hátt á sjötugsaldri, hoppaði og öskraði. Ég hreinlega varð brjáluð. Þetta augnablik þegar hann kom fyrstur að bakkanum, það brjótast allar tilfinningar út. Ég hefði ekki getað ímyndað mér þetta. Þetta er meiriháttar," segir hún. „Og tilfinningaflóran þegar pabbi hans kemur með hann labbandi út úr sundhöllinni. Ég var nú hætt að gráta, en að sjá hann standa þarna. Ég var með ekka. Það brustu allir í grát. Þetta voru hreinar gleðitilfinningar enda einstakur viðburður; „Once in a lifetime"."

Fornöfn hafa ýmis mikilvæg hlutverk í tungumálinu og það helsta er að koma í veg fyrir sífelldar endurtekningar nafnorða – þau eru nokkurs konar fulltrúar nafnorða.

Fornöfn skiptast í sex flokka:

- persónufornöfn
- ábendingarfornöfn
- afturbeygt fornafn
- eignarfornöfn
- spurnarfornöfn
- óákveðin fornöfn

4.

Hvað segja heitin á fornafnaflokkunum þér um hlutverk þeirra? Þegar þú hefur velt þessu vel fyrir þér skaltu fletta upp í málfræðibók og finna út hvaða fornöfn tilheyra hvaða flokki.

Hver eru persónufornöfnin? Hvenær notum við persónufornöfn? Hvað með hina flokkana?

5.

Hvað er að gerast á myndinni hér fyrir neðan? Gefðu krökkunum nöfn og segðu bekkjarfélaga þínum frá því sem er að gerast á myndinni. Þú mátt ekki nota fornöfn.

Hvernig varð frásögnin þín? Var mikið um endurtekningar? Hafðir þú þolinmæði í að endurtaka nöfn allra, alltaf?

Fleiri fyrirsagnir

Fyrirsagnir í nútímafjölmiðlum eru margar mjög krassandi og hlaðnar merkingu. Þær eru oft til þess fallnar að vekja forvitni okkar og fá okkur til að lesa fréttina. Hér eru þrjár fyrirsagnir – líttu á þær.

Óútskýrt mannslát lætur hann ekki í friði

Þau allra óttalegustu

Þurfum líka aðeins að hefna okkar

6.

Skoðaðu hvaða hlutverk fornöfnin hafa í fyrirsögnunum. Til hvers eða hverra vísa þau?

Óútskýrt mannslát lætur hann ekki í friði

Hver er *hann* og hvaða mannslát hefur þessi áhrif á hann?

Þau allra óttalegustu

Hver eru *þau*? Hvers vegna eru *þau* óttalegust?

Þurfum líka aðeins að hefna okkar

Hverjir þurfa að hefna sín? Á hverjum? Af hverju?

Settu þig í spor blaðamanns og skrifaðu undirfyrirsögn við fyrirsagnirnar í 6. verkefni þar sem fram kemur hver persónan/persónurnar eru á bak við fornöfnin og örstutt um hvað fréttin fjallar.

7.

Hvaða orðflokk vantar í þessar fyrirsagnir?

Fékk hringingu af Litla-Hrauni

Vilja frekar sofa úti

Strauk frá Skagaströnd

8.

Og enn fleiri fyrirsagnir:

Fimm fullar hjólbörur af rottum

Tugir tonna á hverjum degi

Frambjóðandi á kaffipokum

Hvaða orðflokk vantar í þær? Af hverju ætli honum hafi verið sleppt? Hefur það áhrif að hann vantar? Endurskrifaðu fyrirsagnirnar og settu orðflokkinn sem vantar. Hverju breytir það?

Að skapa úr dagblöðum

Festist á klósettinu

Pabbi Florence Welch var tilbúinn að hlaupa í skarðið.

Töffarinn Florence Welch lenti í skondnu atviki á dögunum. Um það bil sem söngkonan átti að stíga á svið með hljómsveit sinni The MAChine í London kom í ljós að trommari sveitarinnar var hvergi sjáanlegur.

Kom fljótlega í ljós að Chris Hayden hafði brugðið sér afsíðis, sem er svo sem mannlegt og í góðu lagi, nema hvað karlgreyið var læstur inni á klósettinu og komst ekki út.

Upphófust miklar björgunaraðgerðir til að koma manninum út og í tíma fyrir tónleikana. Bauðst faðir Florence, Nick, m.a. til að hlaupa í skarðið fyrir trommarann um tíma ef ekki tækist að ná honum út fyrir tónleikana.

Gerðist þó ekki þörf á að pabbi gamli stigi á svið því að á elleftu stundu tókst að frelsa trommarann úr prísundinni.

„Ég vissi ekki hvort ég ætti að segja frá þessu á tónleikunum en ég vildi ekki gera hann [Hayden] vandræðalegan á sviðinu," sagði söngkonan í samtali við dagblaðið *The Scotsman* á dögunum. Bætti hún við að trommarinn hefði hrópað og kallað á hjálp áður en hann fannst.

9.

Endurskrifaðu fréttina um ólánsama trommarann og settu inn samheiti fyrir eins mörg nafnorð, lýsingarorð og sagnorð og þú getur.

Dæmi: *Gellan* Florence Welch lenti í *spaugilegri uppákomu* á dögunum.

10.

Flettu upp á blaðsíðu 16 í dagblaði og skrifaðu stutta sögu út frá einhverri frétt eða grein sem þar er að finna.

11.

Flettu upp á blaðsíðu 12 í dagblaði. Finndu öll orð sem byrja á bókstafnum H. Skrifaðu stutta sögu eða ljóð út frá þeim og reyndu að nota þau sem flest.

T 42

Leikur með auglýsingar

Auglýsingar eru frábært hráefni til að leika sér með merkingu og tungumálið. Vinnið saman í pörum eða þriggja manna hópum og hafið nóg af dagblöðum, tímaritum, skærum og límí við höndina. Sleppið ímyndunaraflinu lausu og látið útkomuna verða óvænta og jafnvel ögrandi.

12.

Klippið slagorð úr auglýsingum og skeytið saman við aðrar auglýsingar. Búið þannig til nokkrar nýjar auglýsingar.

13.

Klippið fyrirsagnir úr fréttum og skeytið við aðrar fréttir.

14.

Í hvers konar auglýsingar henta þessar myndir? Fyrir hvaða vöru eða þjónustu gætu þær staðið?

15.

Þið fáið það verkefni að búa til auglýsingu fyrir neysluvöru. Fyrir hvers konar vöru gætu þessir málshættir, orðtök og frasar hentað vel? En illa? Rökstyðjið valið og útskýrið í stuttu máli hvernig þessi tenging getur komið fram í auglýsingunni.

Að draga lappirnar.

Að pissa í skóinn sinn.

Allt er vænt sem vel er grænt.

Að stikla á stóru.

Að kastast í kekki.

Neyðin kennir naktri konu að spinna.

Morgunstund gefur gull í mund.

Að finna upp hjólið.

Hnífurinn kemst ekki upp á milli þeirra.

Ber er hver að baki nema bróður sér eigi.

16.

Nýjasta nýtt! Þessar vörutegundir voru að koma úr framleiðslu og það vantar slagorð fyrir þær. Semjið slagorð svo enginn geti staðist vöruna.

táfýlusokkar

svitalykt á brúsa

fölsk fiðla

brúnir bananar

götótt regnföt

Hvenær á að skrifa y?

Það er oft snúið að átta sig á hvenær **á** skrifa **i** eða **y**, **í** eða **ý** og **ei** eða **ey**. Ein góð regla er að skoða skyldleika orða en mörg nafnorð, lýsingarorð og sagnorð eru náskyld. Skoðum þetta nánar.

Ef o, u eða ju er í stofni orðsins eða skyldum orðum á að skrifa y.

Dæmi: s**o**nur – s**y**nir

gr**u**nnur – gr**y**nnri

b**ju**ggum – b**y**ggi

Ef ú, jú eða jó er í stofni orðsins eða skyldum orðum á að skrifa ý.

Dæmi: h**ú**s – h**ý**si

l**jú**ka – l**ý**kur

s**jó**ða – s**ý**ður

Ef au er í stofni orðsins eða skyldum orðum á að skrifa ey.

Dæmi: skr**au**t – skr**ey**ta.

Það er ekki alltaf hægt að styðjast við þessar reglur og þá er gott að fletta upp í stafsetningarorðabók til að vera viss.

17.

Finndu orð skyld þessum og skrifaðu þau niður. Gættu að y, ý og ey.

sund	frost	grjót
austur	brú	sjúkur
hryllingur	þjófur	draumur
loka		

18.

Það er þónokkur fjöldi orða sem hljómar eins en eru skrifuð ýmist með y eða i, allt eftir merkingu þeirra.

Skoðaðu þessi orð:

girða – gyrða	kirkja-kyrkja
list-lyst	bíður-býður
fíll-fýll	skír-skýr
skíra-skýra	tína-týna
leiti-leyti	hilla-hylla

Vertu með handbækur við hendina (orðabækur og *Skriffinn*) og búðu til setningar fyrir hvert orð og gættu að því að hafa rétta stafsetningu svo það skapist enginn misskilningur.

19.

Búðu til æfingarverkefni fyrir bekkjarfélaga þinn. Veldu eina efnisgrein úr bók á bókasafninu og skrifaðu hana í tölvu. Í stað þess að skrifa i og y skaltu hafa eyðu (dæmi: Búðu t __ l æf __ ngarverkefn __ f __ r __ r félaga þ __ nn.). Prentaðu svo textann út og láttu bekkjarfélaga þinn setja rétta stafi í eyðurnar. Hann gerir slíkt hið sama við þig.

Að þessu loknu skuluð þið fara yfir allan textann saman og athuga hvaða villur fóru framhjá ykkur.

20.

Semdu ljóð eða örsögu þar sem þú notar a.m.k. sex af þessum orðum (eða orð skyld þeim):

þýfi – lýsa – brýtur – hryllingur – syngja – lykill – dreyma – skreyta – heyra – hleyp.

Taktu stöðuna!

Ég... SKILABOÐ

kann að nota *h-in* fimm sem notuð eru í ritun, t.d. af fréttamönnum.

skil hugtakið tvíræðni og get nefnt dæmi um það.

veit hvert hlutverk fornafna er í tungumálinu.

get nefnt a.m.k. þrjá fornafnaflokka og fornöfnin sem tilheyra þeim.

átta mig á hvernig hægt er að nota y-reglu út frá skyldleika orða og get nefnt dæmi.

Hvers konar fjölmiðla notar þú helst?

Hvað vekur helst áhuga þinn í fjölmiðlum?

Textaboð Senda

T 44

4. kafli

„Ég skal sko segja þér ...“

Lýsingarorð

Elías Guðmundsson er afar greindur, meinfyndinn og kaldhæðinn drengur sem býr á Ríghálsi í Reykjavík. Hann á fremur venjulega foreldra, að því undanskildu að þau hafa af honum stöðugar og margvíslegar áhyggjur og hljóma þess vegna hálf hlægilegir.

Í texta bókarinnar hljómar Elías eins og hann viti betur en foreldrar sínir – hann kemur í raun fram við þau og talar við þau eins og kjánaleg börn. Þetta er eitt af því skemmtilegasta við stílinn í bókinni; hvað Elías virkar fullorðinslegur, jarðbundinn og raunsær í samanburði við foreldra sína.

Undirstrikuðu orðin hér í kaflanum þekkir þú. Þetta eru **lýsingarorð** og þau eru bráðnauðsynleg í tungumálinu. Bæði eru þau mikilvæg til að lýsa útliti hluta, vera og fyrirbæra og eins þegar verið er að glæða hið sama lífi. Lýsingarorðin hér að ofan segja okkur t.d. ekkert um útlit Elíasar og foreldra hans, en þau segja okkur samt heilmikið um hvernig persónur þau eru.

Ef lýsingarorðunum væri sleppt – hvaða hugmyndir hefðir þú þá um Elías?

Elías Guðmundsson er drengur sem býr á Ríghálsi í Reykjavík. Hann á foreldra sem hafa af honum áhyggjur.

Er hann eitthvað öðruvísi en aðrir drengir í Reykjavík?

1.

Flettu undirstrikuðu orðunum í textanum upp í orðabók og skráðu merkingu þeirra.

Skilur þú betur lýsinguna á Elíasi þegar þú hefur flett upp merkingu orðanna?

2.

Það er verið að reisa nýtt hverfi og götunafnanefnd vantar tillögur að nýjum götuheitum. Sendu inn eins margar hugmyndir og þú getur!

3.

Hægt er að lýsa fólki á margan hátt, s.s. með því að fjalla um útlit þess, skapgerð, hæfileika og fas. Flokkaðu orðin hér fyrir neðan í viðeigandi flokka: útlit, skapgerð, hæfileikar og fas:

dökkhærð	tileygð
sorgmæddur	fótafimur
prúður	kjarkmikil
lagviss	listræn
glaðvær	tillitssamur
handstór	hæglátur
dreyminn	lágvaxin
örg	félagslyndur
útsjónarsöm	skuggalegur
áræðin	innskeifur
herðabreiður	viljasterk
sparsamur	hraðlæs
skynsöm	samvinnuþýð
illgjarn	trúgjörn
grobbin	snöggur

Eitt af því sem gerir tungumálið lifandi og skemmtilegt eru ýmsir orðaleikir. Sumir þeirra eru okkur svo eðlilegir og sjálfsagðir að við tökum ekki einu sinni eftir því að við notum þá.

Samlíkingar – þegar við líkjum einum hlut við annan – er einn þessara orðaleikja sem við notum daglega og án nokkurrar fyrirhafnar:

Pétur langaði ekki að stinga sér út í ískalda sundlaugina.

Stefanía er ljúf sem lamb.

4.

Búðu til eins mörg líkingarorð og þú getur úr þessum orðum:

heit, svartur, föl, himinn, grjót, snjór, rauður, hlý.

5.

Oft eru dýr notuð í samlíkingar. Dæmi: fílsterkur – ljóngáfuð.

Geturðu búið til samlíkingar úr orðunum hér? Hvert dýr í dálkinum vinstra megin á við um a.m.k. eitt orð í dálkinum til hægri.

svín	ljón
sauður	kýr
naut	lús

heimsk(ur)	skýr
þrá(r)	feit(ur)
hæg(ur)	sterk(ur)
gáfaður/gáfuð	

6.

Eitt orð getur boðið upp á marga möguleika. Sé það sett saman við annað orð hefur það fengið nýja merkingu; eldgamall, eldheit, eldrauður, eldvarpa, eldglæringar, eldtunga …

Hvað getur þú sett saman mörg orð með því að bæta rauður við annað orð?

Hvernig er glæný ýsa? Hvernig er að vera glorhungraður? Hvað þýðir glor og glæ? Geturðu fundið það í orðabók eða spurt fjölskyldumeðlim? Má maður segja hvað sem er, t.d. að vera glorþyrst?

Tungumálið er svo skemmtilegt að það gefur okkur tækifæri á að lýsa sama fyrirbærinu á margan hátt. Hér er einfalt dæmi þar sem nokkrum orðum af ýmsum orðflokkum er skipt út fyrir eitt lýsingarorð:

Jónína segir alltaf satt og rétt frá = Jónína er sannsögul.

7.

Settu inn öll lýsingarorð sem þér finnst eiga við persónulýsingarnar. Leyfðu ímyndunaraflinu að njóta sín!

Arnari finnst allt mest og best sem hann gerir. Arnar er …

Brynja lítur lífið björtum augum. Brynja er …

Daníel hlær oft og mikið. Daníel er …

Elfa segir alltaf það sem henni finnst. Elfa er …

Helga vill alltaf ráða í leikjunum. Helga er …

Pétur stendur alltaf fastur á sínu. Pétur er …

Samúel þolir ekki að bíða. Samúel er …

Unnur hefur gaman af allri tónlist. Unnur er …

Þóra kemur alltaf vel fram við aðra. Þóra er …

Gildishlaðin orð

Gildishlaðin orð geta haft mismunandi merkingu eftir því hver notar þau og um hvað – þau eru háð persónulegum skoðunum.

„Ég heiti Elías og ég hélt að ég væri venjulegur drengur.“

Elías hélt að hann væri venjulegur drengur. En hvað er að vera venjulegur? Það sem einum þykir venjulegt gæti öðrum þótt mjög óvenjulegt.

Kaggi eða drusla?

Sætur eða ljótur?

Gildishlaðin orð geta verið ýmist jákvæð eða neikvæð og geta haft mikil áhrif.

Er alltaf við hæfi að nota gildishlaðin orð? Við hvaða aðstæður þykir sjálfsagt að nota gildishlaðin orð? Hvenær ekki? Hvernig þætti þér að sjá þessi skilaboð á skólanum þínum?

TIL UNGLINGA Í ÞESSUM SKÓLA (UNGLINGA Á ÖLLUM ALDRI!)

Við erum orðin langþreytt á umgengni á göngum skólans og erum hjartanlega sammála um að aðeins sérlega illa uppalið hyski kunni engan veginn að þurrka af skítugum skónum sínum þegar inn í hús er komið. Við krefjumst þess að þessi ólíðandi hegðun hætti STRAX!

8.

„Ó, þetta unga fólk!“ Hvaða gildishlöðnu orð dettur þér í hug sem notuð eru um unglinga? Finndu bæði jákvæð og neikvæð orð.

Skoðaðu líka gildishlaðin orð yfir stelpur og stráka. Hverju lýsa þau helst? Útliti, skapgerð, hæfileikum?

9.

Endurskrifaðu textann í fréttinni hér fyrir neðan og í stað gildishlöðnu orðanna skaltu setja eins hlutlaus orð og þú getur. Hvaða áhrif hefur það á textann?

Patrekur: Svekktur yfir tapi en töluvert ánægður

Patrekur Jóhannesson þjálfari Vals

„Ég var brjálaður eftir leikinn við HK en strákarnir mínir fá hrós fyrir vilja og baráttu í þessum leik,“ sagði Patrekur Jóhannesson, þjálfari Vals, eftir 25:22 tap fyrir FH að Hlíðarenda í kvöld þegar 2. umferð efstu deildar karla í handbolta fór fram en Valsmenn fóru á kostum fyrir hlé.

„Eins og alltaf þegar maður nær ekki að vinna er maður ferlega svekktur en ég er töluvert ánægður með mitt lið, miðað við HK-leikinn í fyrstu umferð því liðsheildin var frábær og við spiluðum frábæran handbolta í fyrri hálfleik með fjölbreyttum sóknarleik þar sem boltinn gekk mjög vel“.

„Ég sá hvað mínum mönnum leið vel inni á vellinum en í seinni hálfleik fer FH að verjast með Daníel frábæran í markinu enda kæmi mér ekki óvart ef hann færi að komast í landsliðið og spila þar einhverja rullu. Við áttum í vandræðum með hann og þegar við klikkuðum á víti var eins og menn misstu haus. Það er svo sem eðlilegt eftir að missa fimm menn úr byrjunarliðinu í fyrra og hafa tvisvar verið einu sæti frá falli að það komi dýfur en liðsheildin er góð og hægt að byggja á henni.“

10.

Orðin hér hafa ýmist jákvæða eða neikvæða merkingu. Finndu andheiti þeirra.

hávær	iðinn	vantrúuð
sjónvarp	glaður	dimm
hávaxin	andstæðingur	töffari
níska		

Mundu eftir orðabók!

11.

Sum orðanna hér að neðan eru jákvæð, önnur neikvæð og enn önnur jafnvel mitt á milli. Flokkaðu þau saman eftir merkingu (þrjú orð saman) og raðaðu þeim frá því jákvæða til hins neikvæða eftir því sem hægt er. Dæmi: Kaggi – bíll – drusla. Fótur – löpp – býfa.

sparsamur	gin	vol
hjallur	stara	hungraður
fés	forvitinn	latur
fákur	rýr	fróðleiksfús
hús	nískupúki	svangur
kjaftur	andlit	horuð
hægur	hrín	gæðingur
horfa	ásjóna	kofi
munnur	grátur	soltinn
nirfill	góna	hnýsinn
grönn	framtakslaus	bikkja

Orð hafa ólíkt vægi í hugum okkar, alveg eins og öll hugtök eða yfirflokkar gera. Takið sem dæmi orðið *fugl*. Hvaða fuglategund dettur þér fyrst í hug? Er hún sú sem þér finnst vera hvað dæmigerðastur fyrir fugla? En hvaða fugl er minnst dæmigerður? Þegar málið er skoðað kemur í ljós að sumir fuglar eru jafnari en aðrir!

12.

Vinnið saman í pörum og finnið eins mörg samheiti yfir orðin og þið getið. Raðið þeim svo í röð, frá hinu jákvæðasta til hins neikvæðasta.

stelpa	strákur
hundur	skóli
læra	tónlist
ganga	tala

T 57

kaggi

kerra

drusla

jálkur

snáði

telpa

þéttur

gaur

gaula

tuðra

rakki

skvísa

hlussa

hallærislegur

freta

skemmtileg

Bein lýsing / óbein lýsing

Þegar verið er að lýsa fólki er það ýmist gert með beinum eða óbeinum hætti, allt eftir hvað hentar hverju sinni.

Bein lýsing: Þá er persónu lýst beint, s.s. útliti, innræti og hegðun. Beinni lýsingu er oft tekið sem staðreynd. **Óbein lýsing**: Persónu er lýst út frá framkomu, hegðun, orðum og gerðum og lesandi (eða áhorfandi) fær sjálfur að gera sér hugmyndir um hvernig persónan er út frá þeim upplýsingum.

Bein lýsing: Ólöf er ljóshærð, há og einstaklega stríðin en afar ljúf.

Óbein lýsing: Hárið á henni upplitaðist yfir sumartímann, svo mjög að það varð næstum glært. Buxnaskálmarnar náðu niður á miðja kálfa og Ólöf þurfti að beygja sig þegar hún kyssti afa sinn á vangann. En hún hafði ekki þroskast upp úr hrekkjunum. Aldrei mátti hún neitt aumt sjá og var ævinlega fyrst til að rétta hjálparhönd, sér í lagi þeim sem minna máttu sín.

Helstu einkenni lýsingarorða eru að þau fallbeygjast, geta staðið í öllum kynjum og stigbreytast.

Nokkur lýsingarorð stigbreytast ekki. Þau enda öll á -a eða -i. Dæmi: andvaka – hugsi – sammála – miðaldra.

	Regluleg stigbreyting		Óregluleg stigbreyting	
frumstig	fallegur	ljúf	vont	mikill
miðstig	fallegri	ljúfari	verra	meiri
efsta stig	fallegastur	ljúfust	verst	mestur

13.

Skrifaðu jákvæða lýsingu á einum bekkjarfélaga. Lýstu einkennum, hæfileikum og styrkleikum hans en slepptu útlitslýsingum. Notaðu bæði beina og óbeina lýsingu. Byrjaðu á orðunum: „Bekkjarfélagi minn er …“ svo ekki komi fram hvort hann er strákur eða stelpa.

Þegar þú hefur lesið lýsinguna fyrir bekkinn kemur í ljós hversu góð lýsingin þín er. Þekkja bekkjarsystkinin þann sem þú lýstir?

14.

Stigbreyttu orðin *greind, venjulegur, gott, skrýtin, gamall* og *margvíslegar*.

Taktu eftir því hvernig merking orðanna breytist eftir því í hvaða stigi þau eru.

Atviksorð

15.

Hvað getur þú fundið mörg orð sem hægt er að nota í staðinn fyrir *mjög*? Dæmi: Þetta er *mjög* skemmtilegt! Þetta er … skemmtilegt! Berðu þig saman við bekkjarfélaga. Fjölgar ekki orðunum þegar þið leggið fleiri saman í púkk?

Orðin sem þú fannst í staðinn fyrir *mjög* eru svokölluð **atviksorð**.

Atviksorð eru **lýsandi orð** eins og lýsingarorð en munurinn er sá að lýsingarorð lýsa nafnorðum og öðrum fallorðum, en **atviksorð lýsa sagnorðum og lýsingarorðum**.

Atviksorð lýsa hvar, hvenær, hvernig og hve oft eitthvað er gert eða gerist og eins eru þau notuð **til áherslu**.

Hvar ertu núna? Ég er hérna, þarna, inni, úti, heima, erlendis, uppi, niðri …

Hvenær kemur þú? Ég kem núna, bráðum, seinna …

Hvernig lestu? Ég les vel, illa, sæmilega, hægt, svona …

Hve oft ferðu í bíó? Ég fer sjaldan, stundum, oft, aldrei …

Hvernig er myndin? Hún er mjög, afar, sjúklega, ýkt, geðveikislega, ógeðslega … góð.

Atviksorð teljast til óbeygjanlegra orða – þau hvorki fallbeygjast (eins og fallorð) né tíðbeygjast (eins og sagnorð). En – nokkur þeirra stigbreytast.

Getur þú stigbreytt þessi orð? Mjög, núna, heima, aldrei?

Hvað með þessi? Vel, hátt, norður, sjaldan, fallega, hratt?

Stundum er erfitt að greina á milli lýsingarorða og atviksorða, enda eru þetta orðflokkar sem báðir eru lýsandi. Sama orðið getur tilheyrt báðum orðflokkum, allt eftir því hverju er verið að lýsa!

Prófum að greina á milli og skilja örlítið betur:

- Barnið syngur **hátt**. Hér er verið að lýsa því hvernig barnið syngur (sagnorðið að syngja).
- Húsið er **hátt**. Hér er verið að segja að húsið sé hátt (hús er nafnorð eins og þú veist).

Eitt og sama orðið – **hátt** – getur annars vegar verið atviksorð og hins vegar lýsingarorð. Hérna skiptir öllu máli hverju er verið að lýsa og út frá því ræðst orðflokkurinn.

Einföld leið til að greina hvort orð er atviksorð eða lýsingarorð er að breyta úr eintölu í fleirtölu (eða öfugt):

- Barnið syngur hátt og börnin syngja hátt.
- Húsið er hátt og húsin eru há.

Ef orðið breytist þá er það lýsingarorð en ekki atviksorð.

16.

Hvað getur þú fundið mörg orð sem lýsa því hvernig, hvar og hvenær þú hlustar á tónlist? Notaðu atviksorðin á síðunni til vinstri til að koma þér í gang.

Berðu þig saman við bekkjarfélaga. Tókst ykkur jafnvel upp?

17.

„Hann er með stór kringlótt augu, þau allrakringlóttustu sem eru til, og þess vegna getur Simbi orðið meira hissa en allir aðrir.“

Hvernig myndir þú lýsa svipbrigðum barnanna á myndunum hér fyrir neðan? Hvaða orð eiga við þau? Lýstu þeim eins ítarlega og þú getur. Því næst skaltu skoða hvaða orð þú notaðir, voru það lýsingarorð, atviksorð eða enn annar orðflokkur?

Viðurnefni

Simbi snari, Magga móða og Elías öryrki.

Hver er munurinn á viðurnefni, gælunafni og uppnefni?

Þekkir þú viðurnefni? Er einhver í fjölskyldunni þinni með viðurnefni – kannski þú?

Viðurnefni er stutt lýsing eða vísbending um hæfileika, útlit eða skapgerð:

Ljúfa-Lilja

Hörður bassi

Gamla-Sigga

Skúli skytta

Tinna tungulipra

Jón sprettur

18.

Ákveðnar reglur gilda um ritun viðurnefna. Skoðaðu dæmin um viðurnefni til vinstri. Áttar þú þig á reglunni? Skrifaðu hana upp eins og þú værir að gera leiðbeiningar fyrir kennslubók.

19.

Hér er gripið niður í sögunni um Drakúla. Lestu textabrotið og taktu síðan við – hvað leynist bak við dyrnar? Ekki spara lýsingarorðin!

Þegar þú hefur lokið við greinargóða lýsingu skaltu skrifa niður öll lýsingarorðin sem þú notaðir og greina þau í kyn og stig.

> Hræðileg ökuferðin virtist loks á enda þegar Jonathan sá stóran og ógnvekjandi kastala framundan. Þeir fóru þröngan stíg í átt að kastalanum. Úlfar voru á ferli í skóginum og ýlfruðu grimmdarlega. Í hallargarðinum sá Jonathan hálfbrotna turna kastalans baða sig í tunglskininu. Háir og svartir gluggarnir voru algjörlega ljóslausir. En bak við risastóru viðarhurðina, sem var beint fyrir framan Jonathan, heyrðist þungt fótatak nálgast: Klamp, klamp, klamp. Það hringlaði í keðjum og hurðarlokum, dyrnar mjökuðust upp með háveru ískri.

20.

Hver er sagan á bak við þetta yfirgefna hús? Hverjir bjuggu í því og af hverju yfirgáfu þeir húsið? Slepptu ímyndunaraflinu lausu og mundu að nota lýsandi orð til að ná fram þeim áhrifum sem þú vilt kalla fram.

Taktu stöðuna!

Ég... SKILABOÐ

- get beitt þremur ólíkum aðferðum við að lýsa persónu.
- veit hvað samlíkingar eru og kann nokkrar.
- þekki muninn á beinum og óbeinum persónulýsingum og get beitt þeim í tali og ritun.
- veit hvað átt er við með gildis-hlöðnum orðum.
- kann að stigbreyta mörg lýsingarorð og skil merkingarmun miðstigs og efsta stigs.
- átta mig á hlutverki atviksorða í tungumálinu.
- veit hvenær á að nota stóran staf í viðurnefnum.

Textaboð Senda

T 58

5. kafli

Þrautir úti í mýri, álög inni í stýri (ha?)

Sagan af Helgu Karlsdóttur

1.

Systurnar Ása og Signý geta ekki farið út fyrir hússins dyr eftir að eiturnöðrurnar bitu þær í nefið og afskræmdu andlit þeirra. Þær þrá ekkert heitar en að öðlast sitt fyrra líf aftur. Í reiði sinni ákveða þær að senda kvörtunarbréf til álfkonunnar. Hvernig skyldi það vera? Skrifaðu bréfið í þeirra nafni.

Að skrifa formlegt bréf

Staður (í þgf.), dagsetning

Ávarp

Stutt kynning á erindi.

Meginmál – erindið útskýrt vel og vandlega.

Bréflok – orðum aftur beint að viðtakanda, hugsanlegar lausnir kynntar.

Kveðja
Undirskrift

2.

Ef ævintýrið um Ásu, Signýju og Helgu gerðist í Akureyri árið 2013, hvaða þrjár þrautir myndi álfkonan leggja fyrir þær systur?

3.

Hverju líkist þetta eiginlega?

Minnti þetta ævintýri þig á önnur ævintýri, sögur eða kvikmyndir? Hugsaðu t.d. um kvikmyndir sem þú hefur séð nýlega. Nefndu nokkrar sem byggja á svipuðum hugmyndum (barátta góðs og ills, verkefni, þrautir, heiður, veraldlegt ríkidæmi, félagslegt ríkidæmi eða andlegt ríkidæmi).

Sagnorð

„Einu sinni var karl og kerling í koti. Þau áttu þrjár dætur, sem hétu Ása, Signý og Helga.“

Tókstu eftir því að ævintýrið um Ásu, Signýju og Helgu er **skrifað í þátíð? Helsta einkenni sagnorða er einmitt tíðbeyging** – þau beygjast í nútíð og þátíð.

Nú þegar kanntu muninn á nútíð og þátíð; á því sem gerist í dag og því sem gerðist í gær. Hins vegar er gott að rifja upp hvernig skrifa á sagnorð í þátíð en sum þeirra geta verið ansi snúin og okkur hættir til að víxla eða fella niður stafi. Einföld regla er að finna **stofn sagnorða** en hann finnur þú með því að finna nafnháttinn og draga frá honum endinguna.

Nafnháttur er orðabókarmynd sagnarinnar. Fyrir framan sögn í nafnhætti má oft setja nafnháttarmerkið að. Dæmi: að lesa.

Algengar endingar eru -a og -ja:

Nafnháttur	stofn	Nafnháttur	stofn
að sofa	sof	að byggja	bygg
að rigna	rign	að tyggja	tygg

Við segjum: Það „**rindi**“ í gær. En af hverju skrifum við þá: Það „ **rigndi**“ í gær?

Stofn sagnorða hjálpar þér:

- að raða stöfum í rétta röð þegar framburðurinn er ruglandi:

  Við segjum í raun: Skipstjórinn **sildi** skipinu í strand.

  En sögnin er **að sigla**.

  Þess vegna er stofninn **sigl**.

  Og því skrifum við **sigldi** og **sigldum**.

- að skrifa réttan fjölda stafa þegar framburðurinn gefur ekki skýrar vísbendingar:

  Sögnin er **að skemma**.

  Þess vegna er stofninn **skemm**.

  Og þess vegna skrifum við **skemmdi** og **skemmdum**.

- að búa til samsett orð og nýyrði

  Skoðaðu orðið **skemmtidagskrá**.

  Það er sett saman úr sögninni **að skemmta** og **dagskrá**.

  Þess vegna er stofninn **skemmt**.

  Og þess vegna skrifum við **skemmti**dagskrá.

4.

Nú skaltu breyta textanum hér fyrir neðan í þátíð. Gættu þín vel, það eru nokkur varasöm sagnorð í honum. Mundu að hugsa þig alltaf um áður en þú skrifar sagnorðin og byrja á að finna stofninn. Finndu líka hvernig blæbrigði textans breytast þegar tíðin breytist.

Embla er ekki almennilega með hugann við skákina, enda teflir hún í fjórða skipti við afa sinn þennan sama dag. Afi hefur þann háttinn á að hann kennir henni fyrst manngangin og tengir svo saman ýmsar fléttur, skákbyrjanir og bolabrögð sem hann beitir svo á Emblu, án nokkurrar miskunnar. Enda er afi skákmeistari af lífi og sál; ekki einhver sem hengir haus og ygglir brúnum þegar í harðbakkann slær og andstæðingurinn leikur hyggilega.

Embla lygnir aftur augunum og lætur hugann reika að skólanum og önninni framundan. Hún hugsar um það hvernig allt hangir á sömu spýtunni; hvernig námsframvindan byggir á því að hún vinni jafnt og þétt án þess að gefast upp.

Orðmyndun

Mörg sagnorð og nafnorð eru náskyld enda búin til hvert úr öðru – á báða bóga.

Sjáðu þessi dæmi hér:

Að lesa (so.) → lestur og læsi (no.)

ljós (no.) → lýsa (so.)

Að spila (so.) → spil (no.)

sorg (no.) → syrgja (so.)

5.

Finndu eða búðu til sagnorð eða lýsingarorð sem eru skyld nafnorðunum hér og semdu nýja merkingu fyrir þau.

Dæmi:

kaffi – að kaffa yfir sig (að drekka of mikið kaffi)

– að vera mjög kaffaður (að hafa drukkið mjög mikið af kaffi)

hor – að vera mjög horaður (að vera kvefaður)

– að horast (að kvefast)

fjall slím mjólk ást foss valhopp

Greinarmerki

6.

Skoðaðu greinarmerkin hér:

Einn morgun var Ása að sækja sér þvottavatn í brunninn. Þá sá hún allt í einu undurfagra kvenmannsásjónu speglast í vatninu. Horfði hún hugfangin á hana um stund og mælti við sjálfa sig: „Þess vildi ég óska! að ég væri svona fríð.“

Þá leit hún upp aftur og sá hjá sér standa konu eina fagra og tígulega. „Vildir þú vera svona fríð?“ spurði konan.

„Já,“ svaraði Ása, „ég vildi allt til þess vinna.“

„Þá skaltu koma með mér,“ sagði konan, „en þú verður þá líka að gera allt, sem ég bið þig.“ Ása játaði því, og þá leiddi konan hana með sér út í skóg.

Hvaða reglur gilda um þessi greinarmerki eins og þau eru notuð í textanum?

.	Punktur
?	Spurningamerki
„...“	Gæsalappir
:	Tvípunktur
,	Komma

Reglur um greinarmerkjasetningu finnur þú t.d. í *Skriffinni* bls. 57–63.

Bein og óbein ræða

Það kallast **bein ræða þegar orðrétt er haft eftir fólki**: „Vildir þú vera svona fríð?“ spurði konan. **Bein ræða er auðkennd með gæsalöppum**.

Í óbeinni ræðu eru orð höfð óbeint eftir fólki: Konan spurði hvort hún vildi vera svona fríð.

Taktu eftir að spurningamerki er sleppt þegar spurning er höfð óbeint eftir.

7.

Breyttu setningunum hér úr beinni ræðu í óbeina ræðu.

„Það er gott veður úti,” sagði Ragnar.

Þú sagðir: „Mig langar í fótbolta.”

Sara hrópaði hátt: „Þetta er skemmtilegt!“

Hann sagði: „Ég nenni ekki að leika.”

„Hvar er hjálmurinn þinn?“ spurði lögregluþjónninn.

8.

Breyttu setningunum hér úr óbeinni ræðu í beina ræðu.

Jón sagði að kakan væri góð.

Ég spurði hvort þú værir hress.

Þau sögðu að við mættum koma.

Edda sagði að bækurnar væru spennandi.

Viðtöl

Stór þáttur í starfi blaðamanna er að taka viðtöl við fólk. Áður en þeir hitta viðmælanda sinn þurfa þeir að undirbúa sig. Það gera þeir með því að safna að sér upplýsingum um það sem á að ræða og semja spurningar.

Við gerð spurninga er gott að hafa í huga:

- Opnar spurningar – það þýðir að ekki er hægt að svara með já eða nei.
- Spurnarorðin – hvað, hvar, hvernig, hvers vegna, hvenær.
- Spurningarnar þurfa að mynda samhengi.

Þegar viðtalið hefur farið fram skrifa blaðamenn-irnir það upp. Þeir semja kynningu á viðmælanda í upphafi (það er einhver ástæða fyrir að viðkomandi er fenginn í viðtal og það þarf að segja frá henni) og eftir hana kemur viðtalið sjálft. Oftast er það í samfelldu máli og spurningarnar eru gjarnan auðkenndar með feitletrun eða skáletrun. (Ef viðtalið er handskrifað er t.d. hægt að strika undir spurningarnar með penna til aðgreiningar frá svari viðmælanda).

9.

Taktu viðtal við Rauðhettu, Bósa ljósár eða Adam og Evu (eða þau bæði). Hafðu vinnubrögð blaðamanna á bak við eyrað!

10.

Skrifaðu upp öll sagnorðin úr viðtalinu í 9. verkefni. Greindu þau í persónu og tölu.

Meira um sagnorð

Sagnorð geta verið persónuleg og ópersónuleg.

Hefurðu heyrt um þágufallssýki? Hvernig lýsir hún sér? Er hún ólæknandi? Er hægt að fá lyf við henni?

Persónulegar sagnir breytast eftir því til hvaða persónu þær vísa.

1.p	Ég hlakka til.	Við hlökkum til.
2.p	Þú hlakkar til.	Þið hlakkið til.
3.p	Hún hlakkar til.	Þær hlakka til.

Ópersónulegar sagnir breytast ekki þótt breytt sé um persónu og þær eru alltaf sagðar standa í 3. persónu eintölu.

1.p	Mig langar. Okkur langar.	Mér þykir. Okkur þykir.
2.p	Þig langar. Ykkur langar.	Þér þykir. Ykkur þykir.
3.p	Hann langar. Þá langar.	Honum þykir. Þeim þykir.

Sterkar sagnir eru flóknari og sjaldgæfari en **veikar sagnir**. Ung börn læra mjög fljótt regluna um beygingu veikra sagna (en vita auðvitað ekki hvað hún heitir) og yfirfæra hana á sterkar sagnir.

Lagið um það sem er bannað

Lag og texti: Sveinbjörn I. Baldvinsson

Það má ekki pissa bak við hurð
og ekki henda grjóti oní skurð
ekki fara í bæinn
og kaupa popp og tyggjó
og ekki nota skrúfjárn fyrir sleikjó.

Það má ekki vaða út í sjó
og ekki fylla húfuna af snjó
ekki tína blómin
sem eru út í beði
og ekki segja ráddi heldur réði.

Þetta fullorðna fólk er svo skrýtið
það er alltaf að skamma mann
þó maður geri ekki neitt
það er alltaf að skamma mann.

Það má ekki skoða lítinn kall
og ekki gefa ketti drullumall
ekki skjóta pabba
með byssunni frá ömmu
og ekki tína orma handa mömmu.

Það má ekki hjóla inn í búð
og ekki gefa litla bróðir snúð
og ekki fara að hlæja
þó einhver sé að detta
ekki gera hitt og ekki þetta.

Þetta fullorðna fólk er svo skrýtið
það er alltaf að skamma mann
þó maður geri ekki neitt
það er alltaf að skamma mann.

11.

Af hverju má ekki segja ráddi, súpti eða leikti?

Við beygjum sagnorð ýmist veikt eða sterkt. Sagnirnar að ráða, súpa og leika eru sterkar sagnir – sem stundum eru beygðar eins og þær séu veikar.

Flettu reglunni um beygingu (kennimyndir) sagnorða upp í málfræðibók og skrifaðu hana í stílabókina þína. Hvernig þekkirðu veikar sagnir? En sterkar?

Beyging sagnorða finnst í 2. kennimynd.

Ég borð-aði í gær = veik Ég las í gær = sterk

12.

Skrifaðu nú kennimyndir tíu sagnorða úr Laginu um það sem er bannað og greindu beygingu þeirra.

13.

Sagnorðið að brenna er til bæði í veikri og sterkri beygingu. Beygðu það í kennimyndum. Hver er merkingarmunur á sögninni eftir beygingu?

14.

Vinnið saman í pörum eða þriggja manna hópum og semjið nýjan texta við þetta lag. Haldið ykkur við það sem er bannað.

Það er gott að klappa taktinn (telja atkvæðin) til að útkoman verði góð. Gefið ykkur að lokum tíma til að æfa flutning á laginu fyrir bekkinn.

T 69

Sögusvið

Allar sögur gerast á einhverjum stað sem kallast **sögusvið**. Það er eðlilega misjafnt hvar og hvernig það er og fer eftir því um hvað sagan fjallar.

Sögusvið nær yfir allt umhverfi sögunnar, svo sem lýsingar á náttúru og mannvirkjum (t.d. húsum), ytri tíma (tíminn sem sagan gerist á, t.d. í seinni heimstyrjöldinni, árið 2010 eða í framtíðinni), árstíð, veður, birtu, liti, lykt, hljóð, tísku og allt sem hefur áhrif á umhverfið.

15.

Hér eru nokkrar myndir sem sýna möguleg sögusvið.
Hvernig sögur gætu átt sér stað á þeim?





RIP

POLICE DEPARTMENT
CITY OF NEW YORK
NYPD
COURTESY
PROFESSIONALISM
RESPECT

16.

Búðu til sögusvið fyrir þessar lýsingar:

- Hann stóð hríðskjálfandi og tárin runnu niður vanga hans. Hvaðan kom þessi lykt?
- Þau gengu hönd í hönd. Hann studdi hendinni á stafinn, hún hélt í hundaólina og sussaði á seppa. Þau áttu langa leið fyrir höndum.
- Hávaðinn og birtan var yfirþyrmandi. Hvernig ætti hún að finna hann hér?
- Það brakaði og brast í öllu húsinu.

17.

Skrifaðu nútímasögu um þrjár systur sem búa á Öskufirði.

Hvar og hvernig er Öskufjörður? Hvernig persónur eru systurnar? Í hvaða ævintýri lenda þær?

Rifjaðu upp beinar og óbeinar lýsingar bls. 37 hér í vinnubók.

18.

Hvað leynist við enda stígsins? Skapaðu þinn eigin ævintýraheim!

T 72

Farið hefur fé betra

19.

Finndu fimm nöfn á forna réttlætisguðinn í sakamálaþrautinni. Láttu hann heita tveimur nöfnum. Geturðu fallbeygt þau öll?

Stundum sleppir fólk því að fallbeygja nöfn. En reglan er sú að ef fólk ber tvö nöfn og notar bæði – á alltaf að fallbeygja þau bæði.

Dæmi:

Hannes Óttar – Ég er að fara til Hannesar Óttars.

Sara Diljá – Ég fer til Söru Diljár.

Jón Þór – Ég kem frá Jóni Þór.

Dagný Ósk – Þetta er gjöf til Dagnýjar Óskar.

Kyn orða eða kynjaorð

Gáta sem margir gata á!

> Ungur piltur lendir í bílslysi ásamt föður sínum. Þeir slasast báðir lífshættulega og þeim er rúllað inn í sjúkrastofur hlið við hlið. Skurðlæknirinn kemur askvaðandi inn í skurðstofuna þar sem pilturinn liggur og segir umsvifalaust: „Ég get ekki framkvæmt aðgerð á þessum pilti. Þetta er sonur minn!“

Þessi gáta segir okkur ýmislegt. Af hverju er svona erfitt að leysa hana? Er það vegna þess að orðið *kona* virðist í hugum okkar ekki tilheyra hugtakinu *skurðlæknir*.

Hvaða starfsheiti eru rækilega bundin við konur?

20.

Skoðaðu þessi orð:

leikskólakennari	hjúkrunarfræðingur
flugstjóri	leigubílstjóri
kennari	ráðherra

Af hverju breyttist starfsheitið hjúkrunarkona í hjúkrunarfræðingur? Skúringakona í ræstitæknir? Fóstra í leikskólakennari?

Hvernig förum við að þegar málfræðilegt kyn orðsins passar ekki við líkamlegt kyn? Til dæmis þegar Vigdís Finnbogadóttir varð forseti? Hvernig finnst þér hljóma að segja: „Frú Vigdís er svo virðulegur forseti“?

En hvað með: „Björn Jónsson er vinsæl fyrirsæta“?

21.

Hvaða orð finnst þér geta gengið fyrir konur sem gegna þessum embættum? Eru til góð og gild íslensk orð sem hægt er að nota eða þarftu að búa til nýyrði fyrir einhver þeirra?

Framkvæmdastjóri – forseti – ráðherra – forstjóri – lögmaður – ritari – læknir.

Taktu stöðuna!

Ég... SKILABOÐ

get nefnt nokkur dæmi um einkenni ævintýra.

veit hvað á að hafa í huga þegar skrifa á formlegt bréf.

kann að finna stofn sagnorða og get nefnt a.m.k. tvö dæmi um hvernig hann nýtist við stafsetningu.

skil hvað átt er við með skyldleika sagnorða og nafnorða og kann að nota hann við orðaleik.

er með á hreinu hvernig nota á gæsalappir í beinni ræðu.

er klár á muninum á opnum og lokuðum spurningum.

kann að skapa ólík sögusvið.

Hver heldur þú að séu algengustu greinarmerkin?

Er þetta opin spurning? Rökstyddu svar þitt.

Textaboð Senda

T 72

6. kafli

Fræðilegur lestur
en ekki hræðilegur

Lestraræfingar

1.

Eftirfarandi textar eru svo til jafnlangir. Lestu þá upphátt og mældu tímann á þeim báðum.

Þessi texti er 124 orð

„Þetta helvíti þoli ég ekki lengur," æpir Beggi og fleygir frá sér gríðarstórum fjórhjólavagni, fullum af einhverju þvottaefni, hlassar sér á gólfið og fórnar höndum til himins í uppgjöf. Himinninn, sem hann fórnar höndum til, er náhvítt loftið í vörulagernum í Bónus. Ég læt mig falla við hlið hans og dæsi. Og þetta er fyrsti dagurinn í sumarvinnunni okkar – og ekki sá síðasti – nema fyrir suma, þessa heppnu, þessa ljónheppnu, þessa sem alltaf geta snúið vörn í stórsókn fram miðjan völlinn, leikið á varnarmennina og skorað glæsilegt mark eins og ekkert sé. Þannig er Beggi. Þannig er ég ekki, því miður.

Við Beggi fengum vinnu í vor, strax eftir skólalok í níunda bekk, á lagernum í Bónus, og þóttumst góðir í tæplega einn dag.

Þessi texti er 123 orð

Um vinnu barna og unglinga undir 18 ára aldri gildir X. kafli laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerð um vinnu barna og unglinga. Lögin gilda þó ekki um tilfallandi vinnu eða vinnu sem varir í skamman tíma inni á einkaheimilum eða í fjölskyldufyrirtækjum sem hvorki telst skaðleg né hættuleg ungmennum.

Tilgangur laganna er tvíþættur. Annars vegar er þeim ætlað að koma í veg fyrir að börn og unglingar gegni störfum sem reynst geta þeim hættuleg andlega sem líkamlega eða koma niður á menntun þeirra og þroska en hins vegar er þeim ætlað að ýta undir skynsamlega atvinnuþátttöku með því að gefa þeim kost á að stunda vinnu sem er í samræmi við líkamlegan og andlegan þroska þeirra.

Hvorn textann varstu lengur að lesa? Af hverju? Munaði miklu?

Gerðu lista yfir þau orð sem þú skilur ekki til fulls. Í hvorum textanum var fleiri slík dæmi að finna?

Lykilorð er orð sem felur í sér mikla merkingu fyrir textann í heild og er stundum kallað aðalatriði. Það getur verið hugtak, nafn, ártal, kenning o.fl.

2.

Æfðu þig í því að finna **lykilorð**. Lestu textann *Hvað er táknmál*? hratt yfir og skráðu niður 1–3 lykilorð. Lestu hann svo aftur yfir. Finnurðu ný lykilorð? Skilurðu textann betur með hjálp lykilorðanna?

Hvað er táknmál? Er til alþjóðlegt mál fyrir heyrnarlausa?

Svar

Flestir sem eru heyrnarlausir tala táknmál og líta á það sem sitt móðurmál. Táknmál er myndað með hreyfingum handa, höfuðs og líkama, með svipbrigðum, munn- og augnhreyfingum. Í táknmáli fær augnsambandið aukið mikilvægi því að í samskiptum á táknmáli verður alltaf að halda augnsambandi við viðmælandann. Svipbrigði fá aukna og ákveðna merkingu eða málfræðilegt hlutverk og staða líkamans hefur áhrif á blæbrigði og merkingu. Munnhreyfingarnar og svipbrigðin eru í mörgum tilvikum framandi meðal þeirra sem ekki þekkja til. Þessir hlutar táknmálsins eru þó jafnmikilvægir og hreyfingar handanna og órjúfanlegur hluti málsins.

Vísindavefurinn.is

3.

Lestu þennan texta úr bókinni *Árið 1918* vel. Hver eru lykilatriðin í honum? Endurskrifaðu hann með eigin orðum og greindu aðeins frá því sem þú telur skipta mestu máli.

Líf í sveit

Árið 1918 voru torfbæirnir algengasti húsakosturinn í sveitum landsins. Þeir voru af ýmsum gerðum, allt frá reisulegum burstabæjum til lágreistra kota. Í smæstu og hrörlegustu torfbæjunum var varla hægt að standa uppréttur og vistarverurnar voru dimmar, kaldar, rakar og þröngar. Stundum voru jafnvel kýr hafðar á neðri hæð bæja þar sem fólk bjó í risinu. Timburhús, gjarnan klædd bárujárni, komu í stað torfbæjanna hjá efnameiri bændum. Tíðasti og alvarlegasti galli nýju timburhúsanna var hversu köld þau voru. Þau voru oft illa einangruð og upphitun af skornum skammti.

Lífið til sveita einkenndist, líkt og á fyrri öldum, af striti og streði. Mest var vinnan á meðan heyskapur stóð yfir en þá gat vinnutíminn farið allt upp í 16 tíma á sólarhring. Í skammdeginu hafði fólk einnig nóg að gera. Unnið var við umhirðu á búfénaði, ullarvinnu, saumaskap og matargerð. Margt vinnufólk átti í raun engar eigur en vann fyrir mat, húsaskjóli og lágum launum. Tómstundir voru af skornum skammti en ungmennafélagshreyfingin hvatti unga fólkið til að taka höndum saman og rækta heilbrigða sál í hraustum líkama.

4.

Hér er texti úr bókinni *Mannslíkaminn*. Hvernig skýringarmynd myndi henta vel með honum? Lestu textann vel og teiknaðu síðan skýringarmynd við hann eða notaðu netið til að finna mynd við hæfi.

Taugafrumur geta flutt taugaboð

Taugakerfi okkar er gert úr aragrúa *taugafrumna*. Í sameiningu mynda þær flókið net sem getur sent boð um líkamann og tekið á móti boðum.

Hver taugafruma er gerð úr frumubol og grönnum *taugaþráðum*. Frumurnar geta flutt veik rafboð sem kallast *taugaboð*. Taugaboðin berast til frumubolsins með stuttum taugaþráðum sem kallast *griplur*. Boðin berast svo áfram til annarra taugafrumna eftir löngum taugaþræði sem kallast *sími*. Síminn greinist í endann og þar verða margir *símaendar*. Sumir símar eru bara fáeinir millimetrar á lengd, en aðrir geta verið meira en metri á lengd.

Boðin berast hraðast eftir gildum taugasímum sem hafa um sig hlífðarlag úr fitu. Þar geta boðin farið meira en 100 metra á sekúndu, yfir 360 kílómetra á klukkustund.

5.

Gerðu þér glósur úr þessum texta úr stærðfræðibókinni *Átta–tíu 1*. Þú getur notað lykilorð, hugtakakort, myndir eða hverja þá aðferð sem þér finnst best.

Við leit að frumtölum má stytta sér leið með því að notfæra sér þekkingu sína á ferningstölum og ferningsrót. Hér gefst þér tækifæri til að skoða þessi hugtök nánar. Ferningstölur standa fyrir fjölda sem raða má í ferning.

Ferningstala er tala sem hafin hefur verið í annað veldi. Þegar fundin er ferningsrót tölu er fundin sú tala sem margfölduð hefur verið með sjálfri sér til að fá ferningstöluna.

Ferningsrótin af 49 er 7 af því að $7 \cdot 7$ eru jafnt og 49. Fjöldanum 49 má raða upp í ferning með hliðarlengdina 7.

6.

Í þessu textabroti úr bókinni *Norðurlönd* er fjallað um atvinnuvegi og náttúruauðlindir í Noregi.

Lestu hann vel og gerðu því næst hugtakakort úr efni hans.

Atvinnuvegir og náttúruauðlindir

Helstu auðlindir Noregs eru m.a. olía og gas, járn og ýmsir málmar, fiskur, timbur og vatnsorka til rafmagnsframleiðslu. Olíuiðnaður í Noregi er mjög mikilvægur og við hann starfar fjöldi fólks. Borað er eftir olíunni og gasinu á gríðarstórum olíuborpöllum langt úti á sjó og er framleiðslan að mestu flutt til annarra landa.

Eins og í öðrum vestrænum löndum vinna flestir við þjónustustörf og eru störf á vegum ríkis og bæja langfjölmennust. Sem dæmi um þjónustustörf má nefna verslun og viðskipti, ferðaþjónustu og skólastarf.

Fiskiðnaður er mikilvægur í Noregi og er mest veitt af þorski en einnig veiða Norðmenn m.a. síld og makríl. Síðustu árin hefur fiskeldi aukist mjög í Noregi og selja Norðmenn eldislax til annarra landa ásamt fleiri tegundum eldisfiska. Vegna tækninýjunga þarf sífellt færra fólk til að sinna fiskvinnslustörfum.

Landbúnaður í Noregi er nokkuð fjölbreyttur. Sauðfjár-, geita-, svína- og nautgriparækt er umtalsverð og mjólkurframleiðsla mikil. Talsvert er ræktað af kartöflum, byggi og hveiti. Matvælaframleiðsla, skipasmíðar, timbur- og efnaiðnaður ásamt textíliðnaði eru einnig mikilvægar atvinnugreinar í Noregi.

Mikilvægustu útflutningsvörur Norðmanna eru olía og olíuafurðir, vélbúnaður og tæki, málmar og efnavörur auk skipa og fiskafurða.

Punktur, punktur, komma, strik

7.

Hér er texti án allra greinarmerkja. Skrifaðu hann upp með greinarmerkjum og gættu að reglunni um stóran staf.

menn verða að gera sér það ljóst að það er líka hægt að spilla tungunni með leiðinlegum eða rangmynduðum orðum af alíslenzkum toga spunnum ég nefndi orðið prentsmiðja sem ætti að merkja smiðju þar sem prent er búið til eins og verksmiðja ætti að merkja smiðju þar sem verk eru búin til bæði orðin eru vanskapningar þegar fótboltaleikur fluttist hingað til lands báðu menn lærðan málhreinsunarmann að búa til íslenzkt orð yfir þennan leik og þannig var orðinu knattspyrna nauðgað inn í málið í þessum leik er ekki leikið með knött heldur hlut sem fer ágætlega á að haldi heitinu bolti knöttur er gagnþéttur og þungur það heyrir hver maður með óspillta heyrn á hljómi orðsins bolti er léttur það er loft innan í honum það er líka auðheyrt á hljómi orðsins og í þennan bolta er ekki spyrnt heldur sparkað það er ekki spyrnt í hlut nema hann veiti viðnám fótbolti er því ágætt orð vonandi á máltilfinning þjóðarinnar eftir að útrýma orðinu knattspyrna eins og hún neitaði að taka við orðinu vindling í merkingunni sígaretta menn fundu að vindlingur gat ekki verið annað en lítill vindill og í þeirri merkingu er orðið sjálfsagt

8.

Hvaða heimilistæki notar þú mest?

Nú skaltu setja saman leiðbeiningar um notkun á uppáhaldsheimilistækinu þínu. Hafðu þær einfaldar, tölusettar og skýrar, þannig að hver sem er geti notað þær með góðum árangri.

Í bókinni *Beinagrindur – Handbók um ritun* finnurðu leiðbeiningar um ritun af þessu tagi.

9.

Þú hittir ferðalang sem er að leita að næstu sundlaug. Gefðu honum greinargóðar leiðbeiningar – á blaði.

10.

Skrifaðu notkunarleiðbeiningar fyrir sjálfa(n) þig. Hafðu húmorinn að leiðarljósi. Hvaða notkunarreglur þarf fólk að hafa í huga í umgengni við þig ef þú átt að virka vel? Hvernig notkun á þér getur látið þig „bila“?

11.

Vertu sérfræðingur!

Á hverju hefur þú brennandi áhuga? Hvað finnst þér spennandi og skemmtilegt?

Hugsaðu vel um þetta því nú áttu að gerast sérfræðingur og skrifa fræðigrein.

Veldu þér afmarkað efni til að skrifa um og kynntu þér hvernig fræðigrein er sett upp. Þú getur bæði skoðað tímarit og vefsíður á netinu, t.d. *Vísindavefinn*.

Fyrirsögn

Undirfyrirsögn

Efnisgreinar eru textinn á milli greinaskila og getur náð allt frá örfáum málsgreinum upp í fjölmargar. Efnisgrein fjallar um ákveðið efni og þegar skipt er um umræðuefni eða áherslu hefst ný efnisgrein og þá þarf að gæta að greinaskilum.

Lykilorð eru oft **feitletruð**, *skáletruð* eða <u>undirstrikuð</u> í texta.



Myndatexti

Taktu stöðuna!



T 83

7. kafli

Hvað á tungumálið að þýða?

Orðmyndun

1.

Íslenska er meira en þúsund ára gamalt tungumál. Hvernig varð það til? Ræðið saman og komið með tilgátu um uppruna íslenskunnar.

2.

Hvað haldið þið að séu til mörg orð yfir snjókomu? En rok? Hvað með sögnina að ganga?

Finnið sem flest orð og notið til þess orðasafn heilans og orðabækur.

Af hverju eru til svona mörg orð yfir þessi fyrirbæri?
Er einhver merkingarmunur á þeim?
Dugar ekki eitt?

Hver er munurinn á að strunsa og lötra?
En hver er munurinn á roki og fárviðri?

Mundu eftir handbókum í íslensku og á netinu!

3.

Orðaforði íslenskunnar skiptist í **erfðaorð, tökuorð, nýyrði, nýmerkingar og slangur**.

Fyrir hvað standa þessir flokkar?

- Hvað eru erfðaorð? Er hægt að erfa orð? Hvaðan?
- Hvaðan eru tökuorð tekin? Af hverju?
- Hver er munurinn á nýyrðum og nýmerkingum?
- Hvað er slangur? Kunnið þið einhver slanguryrði? Hverjir nota helst slangur?

4.

Flokkið orðin hér í erfðaorð, tökuorð, nýyrði, nýmerkingar og slangur:

maður	sjónvarp	hlaupa	engill
gúgla	tölva	skjár	unglingur
pósta	skip	nörd	ske
mjólk	hippi	fíkniefni	bögg

Þótt Íslendingar hafi verið þjóða duglegastir við að finna nýyrði þá hafa erlend orð og orðasambönd náð góðri fótfestu í íslensku talmáli. Nokkur dæmi um þetta eru **hæ, bæ, fíla, meikar sens og ókei**.

Af hverju nær sumt að festast svona í málinu en annað ekki?

5.

Finnið nothæfar útgáfur af þessum orðum á íslensku, orð sem þið sjáið fyrir ykkur að myndu auðveldalega leysa þessi af:

Sjitt	Beila	Meikar sens
Dánlóda	Sæna sig inn	Ókei
Feil		

6.

Búið til nýyrði yfir öll orðin í þessari málsgrein:

Ný félagsmiðstöð opnar í grunnskólanum á mánudag og eru unglingarnir mjög spenntir!

Hvernig gekk? Var auðveldara að búa til nýyrði yfir einhver orð umfram önnur?

Slangur er annað og meira en að sletta á ensku. Það er óformlegt mál eða orðaval, oft notað innan ákveðinna hópa og meðal unglinga. Slangur byggir oft á myndrænum lýsingum, orðaleikjum og húmor.

Orðin í tungumálinu hafa mismunandi hlutverk.

Það er auðvelt að útskýra merkingu flestra orða og ef þið lítið í kringum ykkur þá sjáið þið strax orð sem auðvelt er að útskýra, t.d. **gluggi** sem í íslenskri orðabók er útskýrt svona: „op (á húsi eða bíl) með gagnsæju efni, t.d. gleri.“ **Hvítur** skilgreint sem „litur eins og á nýföllnum snjó“ og að **lesa** er „að raða saman leturtáknum í orð og setningar“.

Hvernig ætli orðabók útskýri snjó, í landi þar sem aldrei fellur snjór?

Hins vegar er erfiðara að útskýra merkingu ýmissa annarra orða – sem hafa samt mjög mikla þýðingu í tungumálinu.

Hvað merkja orðin en – og – í – að – ekki – hó?

Hægt er að flokka orð sem **inntaksorð** og **kerfisorð**. Inntaksorð eins og gluggi, hvítur og lesa hafa mikla merkingu. Kerfisorð eru líka merkingarbær, en á annan hátt. Merkingu þeirra er ekki hægt að fletta upp í orðabók en þau gera samt heilmikið gagn í tungumálinu. Skoðið þessa málsgrein sem er án kerfisorða:



Og svo þessa þar sem þeim hefur verið bætt inn:

Birtutíminn á morgnana styttist um rúmar 6 vikur á Íslandi vegna þess að við færum ekki klukkuna aftur yfir á vetrartíma.

Hvor málsgreinin er skiljanlegri?

Lesið þessa grein:

05. febrúar 2013 19:30 Af Lars.termansen@nordjyske.dk

iPads til alle

Elever i 4.-6. klasse får nyt it-udstyr stillet til rådighed

AALBORG: Når over 5000 elever efter sommerferien begynder i Aalborgs folkeskoler, får de en iPad med hjem i skoletasken.

Politisk er det vedtaget, at der skal bruges knap 10 millioner kroner på at forsyne samtlige elever i 4.-6. klasse med en iPad eller andet lignende it-udstyr, så der bliver mulighed for "en koordineret og systematisk indsats i alle fag og på tværs af skolevæsenet".

Lærerne får også

Eleverne skal ikke kun bruge it-udstyret i skolen. De må meget gerne have iPad'en med hjem, så de kan bruge alle de undervisningsprogrammer, som iPad'en rummer.

Foruden eleverne skal også 2000 lærere udstyres med en iPad eller lignende.

Skolerne er ikke bundet op på, at det skal være en iPad. Det kan også være andre typer af tablets eller bærbare computere.

De ældre køber selv

Satsningen ligger på mellemtrinnet, fordi erfaringen viser, at ældre elever typisk selv køber it-udstyr eller får det i konfirmationsgave.

Tanken er, at de elever, som nu får iPads, beholder dem med videre op i ældste afdeling, og så leaser skolerne hvert år nyt udstyr til de nye 4. klasser.

7.

Finnið orð í textanum sem eru eins og í íslensku (stafsetningin má vera önnur ef merkingin er sú sama).

8.

Hver og ein(n) í hópnum skrifar hjá sér tvær málsgreinar. Því næst skrifar hver sínar málsgreinar upp aftur – en nú án kerfisorðanna. Hópurinn skoðar loks saman eina málsgrein í einu og reynir að ráða í merkinguna. Eru málsgreinarnar skiljanlegar án kerfisorðanna? Er auðvelt að geta í eyðurnar, finna út hvaða orð vantar?

Orðflokkar eru sagðir annað hvort opnir eða lokaðir. Hvað ætli það merki? Jú, einfaldlega að opnir orðflokkar taka við nýjum orðum en ekki lokaðir. Og hverjir eru þá þessir opnu orðflokkar?

Er hægt að búa til ný sagnorð? En nafnorð? Hvað með lýsingarorð? Fornöfn? Atviksorð?

Hvernig tengjast inntaksorð og opnir orðflokkar?

T 87

Orðhlutar

Nú hefur þú aðeins leikið þér við nýyrðasmíð og í 5. kafla varstu líka að búa til orð – en með annarri aðferð. Það eru nefnilega til fleiri en ein og fleiri en tvær aðferðir við orðmyndun.

Í íslensku skiptast orð upp í svokallaða **orðhluta**. Þeir eru **forskeyti, rót, viðskeyti, stofn og beygingarending**. Flókin orð? Ef þú skoðar töfluna hér þá sérðu að þú þekkir þessi fyrirbæri þó þú kunnir ekki endilega orðin yfir þau.

ORÐ	FORSKEYTI	RÓT	VIÐSKEYTI	STOFN	BEYGINGARENDING
óhljóð	ó-	hljóð		óhljóð	
óviti	ó-	vit		óvit	-i
torfær	tor-	fær		torfær	
tortrygginn	tor-	trygg	-in	tortryggin	-n
barn		barn		barn	
lækning		lækn	-ing	lækning	
ætlun		ætl	-un	ætlun	

Sérðu regluna? Forskeyti og rót og viðskeyti mynda stofn (það eru auðvitað ekki alltaf forskeyti eða viðskeyti). Allt sem kemur á eftir stofninum kallast beygingarending.

9.

Ó er ekki bara ó. Það getur bæði verið forskeyti (óhljóð) og viðskeyti (strætó).

Hvaða orð þekkir þú með forskeytinu **ó-** ?

En hvaða orð kanntu sem eru mynduð með viðskeytinu -ó?

Hvernig sker viðskeytið ó sig frá öðrum viðskeytum og hvaða regla virðist eiga við um notkun þess?

10.

Þú kannast við bakara og múrara.

Orðin eru búin til úr rót + viðskeyti + beygingarendingu.

Geturðu fundið út hvert viðskeytið er í orðunum (það er sama viðskeyti í báðum orðunum)?

Hvaða orð þekkirðu sem eru með sama viðskeyti? Prófaðu að búa til ný orð með þessu viðskeyti.

11.

Fjöldi nafnorða er búinn til úr sagnorði og viðskeytinu **-un**.

Þá er stofn sagnorðs og viðskeytinu -un skellt saman í eitt orð.

Dæmi: skemmtun = skemmt + un.

Finndu fleiri dæmi um nafnorð sem eru búin til á þennan hátt.

12.

Tor- og **and-** eru algeng forskeyti. Hversu mörg orð geturðu fundið með þessum forskeytum?

13.

Nú skaltu leika þér og búa til orð þar sem þú notar einhver þessara viðskeyta: -ó (strætó), -ótt (doppótt) -ling (dýrlingur) og -ar (bakari).

14.

Endurtaktu leikinn en nú áttu að nota forskeyti. Þú getur valið að nota nokkur þessara:

al- (algóður), mis- (misheppnaður), aðal- (aðalmálið), ó- (ófær).

15.

Leitaðu upplýsinga á netinu um slangur, finndu nokkur skemmtileg slangurorð sem þú þekkir ekki og skoðaðu merkingu þeirra, pældu í því hvort þér finnst slangurorðin lýsa merkingunni vel.

Taktu stöðuna!



T 94

8. kafli

Ást er … að týnast í orðum

Hjartsláttur

1.

Manstu hvernig þér leið fyrsta daginn þegar þú komst í skólann í haust? Skrifaðu dagbókarfærslu frá þeim degi, eins og þú manst hann núna. Hvernig leið þér? Af hverju? Hvernig reyndist dagurinn? Hafðirðu einhverjar tilteknar væntingar? Stóðst dagurinn þær væntingar?

„Íris finnur hvernig syfjan leggst yfir hana eins og mjúkt teppi og masið í Guðrúnu dönskukennara breytist í fjarlægt suð.“

2.

Skrifaðu þessa lýsingu upp á nýtt með nýjum líkingum. Prófaðu bæði að halda sömu merkingu og líka að snúa henni alveg við.

3.

Frásögnin í *Hjartslætti* er í nútíð. Snúðu einni efnisgrein yfir í þátíð og finndu hvernig tónninn í sögunni gerbreytist. Af hverju ætli höfundurinn hafi valið að skrifa söguna í nútíð?

Ást er …

4.

Semdu fimm yfirlýsingar þar sem þú botnar setninguna Ást er …

Berðu þig saman við bekkjarfélaga. Voru yfirlýsingar ykkar svipaðar?



5.

Við erum alltaf að reyna að koma skoðunum okkar og tilfinningum á framfæri. Undir vissum kringumstæðum getur verið áhrifaríkt að orða hlutina óljóst en þó er oftast mestur þungi í því að tjá sig skýrt og með einföldum hætti.

Skoðaðu þessi tvö ástarbréf:

Kæra Helga Hlíf!

Þegar þú dregur augnlok þín upp á morgni og leyfir augum þínum að lýsa upp heiminn er eins og mér hlýni að innan, frá hvirfli og niður að tám.

Þú ert ljós mitt og heimurinn er ríkari af því að þú ert í honum.

Þinn, alltaf

Jónsi

- - -

Elsku Helgi Hlynur, sko ég vil bara segja þér að mér finnst þú æði! Það er geðveikt að vakna með þér og augun þín skína sjúklega eins og stjörnur. Þú ert æði og heimurinn græðir sko á því að þú ert í honum.
XXX Jóna

Hver er munurinn á þessum tveimur ástarbréfum?

6.

Skrifaðu þína eigin útgáfu af ástarbréfi.

Sjónarhorn

Í *Hjartslætti* er sagt frá þeim Írisi og Tristan. Fyrst fáum við að kynnast þeim út frá sjónarhorni Írisar og síðan með augum Tristans.

Það eru margar hliðar á flestu sem fyrir okkur ber og því er mikilvægt að skoða og velta fyrir sér sjónarhorni þess sem segir frá.

Líttu á þessa mynd.

Hvernig heldur þú að frásögn lögreglumannanna sé?

En þess sem var handtekinn?

Heldur þú að sjónarhorn þeirra sé það sama?

Hvað með þessa staðhæfingu um bíómynd?

„Þessi mynd er svo ömurlega leiðinleg að hálfa væri hellingur.“

Heldur þú að allir bíógestir hafi sagt þetta um myndina? En leikstjórinn og aðalleikarinn?

7.

Hér til hægri er raunverulegt bréf sem birt var í *Vikunni* árið 1985.

Móðir stúlkunnar sér þetta mál sennilega frá öðru sjónarhorni en bréfritarinn.

Skrifaðu bréf til Póstsins, þar sem þú segir þína hlið sem móðir stúlkunnar.

Lesendabréf eins og þetta er aðeins eitt margra sem birtist í blöðum, tímaritum og netmiðlum. Hver sem er getur sent inn bréf til blaðsins, um hvaðeina sem honum eða henni liggur á hjarta. Öll eiga lesendabréfin það sameiginlegt að bréfritari er að lýsa skoðun sinni á einhverju máli, hvort sem hann er að hrósa, kvarta, leita ráða eða lýsa afstöðu sinni.

Kæri Póstur.

Ég er hérna ein fjórtán ára og mig langar til þess að spyrja hvort það geti verið að foreldrarnir ráði alveg yfir manni og hvort þeir geti bara bannað manni allt og til dæmis ekki leyft manni að eyða sínum eigin peningum eins og maður vill. Pabbi og mamma vilja algjörlega ráða því hvenær ég fer út og hvenær ég á að vera komin heim. Þau vilja meira að segja ráða því með hvaða krökkum ég er. Ég hef sagt við þau að ég vilji ráða þessu sjálf. Og til dæmis á ég peninga í banka sem mér hafa verið gefnir og þegar ég ætla að taka út þessa peninga til þess að kaupa mér föt þá segir mamma bara: Nei, takk! Þú átt að geyma þá þangað til þú verður eldri. Elsku Póstur, hvernig get ég látið þau skilja að ég vil fá að ráða mér sjálf? Get ég til dæmis flutt til ömmu ef ég vil og hún vill?

Bless, bless.
Ein frekja.

Hér eru nokkur bréf frá unglingum sem þú skalt skoða.

ÁSTFANGINN

Kæri Póstur.

Þannig er mál með vexti að ég er ofboðslega hrifinn af stelpu sem var með mér í bekk í fyrra (og vonandi verður hún það næsta vetur líka). En nú er sumar og enginn skóli og þá sé ég hana örsjaldan. Mig langar alveg rosalega til að byrja með henni en ég veit ekki til þess að hún sé með öðrum eða hrifin af öðrum. Eitt er víst að hún er ekki hrifin af mér því þegar ég sé hana eða hitti þá veitir hún mér enga sérstaka athygli heldur heilsar mér bara eins og hverjum öðrum strák. Elsku Póstur, hvað get ég gert til þess að ná í hana? Þú verður að svara þessu bréfi fyrir mig og gefa mér góð ráð

1939-7834

ENNÞÁ SPURT UM MERKIN

Hæ, Póstur!

Við ætlum að spyrja þig þessara vanalegu spurninga: Hvaða merki eiga best við steingeitina og sporðdrekann (bæði kvk)? Hvernig fara saman sporðdrekinn (kvk) og steingeitin (kk)? Hvaða happadag, lit og tölu hafa þeir, sem eru fæddir 17. nóv. og 14. janúar?

Tvær að austan.

P.S. Hvað lestu úr skriftinni, hvernig er stafsetningin, og hvað heldurðu að við séum gamlar?

Kæri Póstur:

Ég er í hræðilegum vanda. Þannig er mál með vexti að ég var að fá freknur og mér finnst það svo hræðilega ljótt. Hvað á ég að gera? Er hægt að losna við þetta og þá hvernig? Kæri Póstur, þú verður að hjálpa mér.

Ein freknótt.

Naga svo ferlega neglurnar

Kæri Póstur:

Þú sem allt veist, hvernig á ég að fara að því að hætta að naga neglurnar? Þær brotna og klofna svo ferlega að ég get engan veginn stillt mig um að naga þær og bíta og svo er þetta orðinn einn vítahringur. Er til eitthvað til að bera á neglurnar og get ég tekið eitthvað inn til þess að þær vaxi betur? Fljótur nú og ég tek það fram að ég er EKKI STELPA!

Margblessaður

Nagli

8.

Veldu þér tvö þessara bréfa og svaraðu þeim í nafni póstsins.

Finndu bekkjarfélaga sem svaraði sama bréfi og þú og berið saman svör ykkar.

9.

Skrifaðu bréf til *Póstsins*. Efnið má vera um hvað sem þér dettur í hug – en það skemmir ekki fyrir að hafa það skemmtilegt og skrýtið.

Atburðarás

Allar frásagnir verða til vegna einhvers atburðar. Það er sama hvort það er brandari, saga úr daglegu lífi, hugsun, skáldsaga eða kvikmynd – það er alltaf einhver atburður sem á sér stað og hefur áhrif á það sem á eftir gerist. Það kallast **atburðarás**.

10.

Spreyttu þig á að semja ólíka atburðarás fyrir söguna af Tristan og Írisi. Veldu ólíka atburði sem hafa um leið mismunandi áhrif á framhaldið:

- Sorglegur atburður
- Vandræðalegur atburður
- Hættulegur atburður
- Annað sem þér dettur í hug!

106

Greinarmerki

Þessi smáatriði sem við köllum greinarmerki eru eins og umferðarljós og vegir í tungumálinu – þau hjálpa okkur við að lesa, greina á milli orða og merkingar í setningum. Stundum skiptir öllu máli hvar greinarmerki eru í setningu, eins og t.d. í þessu dæmi hér. Sjáðu hvernig merkingin gjörbreytist eftir því hvar komman er staðsett:

Jón var ekki vitund betri, en Gunnar kunni þó að skammast sín.

Jón var ekki vitund betri en Gunnar, kunni þó að skammast sín.

Ég skal ávarpa ráðherra, sérstaklega ef þú biður mig um það.

Ég skal ávarpa ráðherra sérstaklega, ef þú biður mig um það.

11.

Er hægt að nota greinarmerki til að skilja þessar setningar á ólíkan hátt?

Drepið hann ekki bíða þangað til ég kem.

Hundar bitu karla og konur hlupu burt og geltu.

12.

Hér fyrir neðan er texti þar sem öll greinarmerki hafa verið fjarlægð. Lestu hann upphátt og finndu hvernig heilinn á erfitt með að ná almennilega merkingunni í honum. Skrifaðu hann svo upp og bættu greinarmerkjum inn í hann á stöðum sem virka eðlilegir. Mundu að huga að öllum tegundum greinarmerkja – ekki bara punktum og kommum.

afi og amma voru allt í einu tvö yfir kistunni þau horfðu niður áður en afi hallaði sér og lagði nokkra kossa á ennið amma var stjörf eins og ég í sætinu því einhver hafði fjarlægt fínofna klútinn ennið hlaut að vera kalt eins og rúða ég sá fyrir mér barnabarnakórinn á jóladegi fyrir mörgum árum örugglega áratug og afa við píanóið að spila nú skal segja og leiðbeina okkur í söngnum með svipbrigðum við danni vandræðalegir með hendur í vösum í aftari röðinni tveir elstir og brostum rjóðir af feimni múturnar farnar að gera vart við sig og engin hljóð jólaleg úr okkar börkum ég leit aftur upp á litríka glerveginn út undan mér mjög óljóst sá ég svartklæddar verur teikna kross í loftið yfir kistunni hverja á fætur annarri.

13.

Skrifaðu eina efnisgrein sem er upphafið á:

- klisjukenndri ástarsögu
- óvenjulegri ástarsögu
- spennusögu með byssum og bílaeltingarleikjum
- krúttlegri smásögu um garðálfa

Áður en þú byrjar skaltu velta fyrir þér hvernig dæmigert upphaf er fyrir þá sögugerð sem þú valdir. Alveg eins og „Einu sinni var … “ er dæmigerðasta byrjunin á ævintýrum þá eru til dæmigerðar leiðir til að byrja bækur.

Taktu stöðuna!

Ég... SKILABOÐ

veit hvað sjónarhorn hefur mikil áhrif á frásögn.

get sagt frá atburði og lýst ólíkum sjónarhornum.

er klár á hvað atburðarás er.

skil að greinamerki skipta miklu máli í rituðu máli.

Hvaða máli skiptir að vanda ritun, hvort sem það er bréf, saga eða annað?

Hvað þarftu að hafa í huga þegar þú skrifar sögu? Rifjaðu upp eins mörg atriði og þú getur – líka úr fyrri köflum!

Textaboð Senda

T 108

9. kafli

Unglingurinn sem ljóðaði yfir sig

Leikur að ljóðum

1.

Hvað er ljóð?

Um hvað eiga ljóð að vera?

Hvernig eiga ljóð að vera?

Mega þau vera rímlaus? Orðum raðað í belg og biðu?

Hvernig fólk semur ljóð?

Hvernig semur fólk ljóð?

Af hverju semur fólk ljóð?

Hvaðan fær fólk hugmyndir í ljóðin?

2.

Vertu skáld!

Skrifaðu ljóð sem

– samanstendur einungis af titli og tveimur orðum

– samanstendur einungis af titli og fimm orðum

3.

Hvernig ljóðum hefur þú mest gaman af?

Finndu eitt ljóð sem þér finnst gott og skrifaðu það niður.

Hvað er það við ljóðið sem hefur þessi áhrif á þig? Er það orðanotkunin? Myndmálið? Er það kannski stemmningin í því (gleði, hæðni, sorg, kaldhæðni …)?

Veltu þessu fyrir þér, hvað er það sem gerir ljóðið áhugavert?

4.

Haltu áfram með ljóðlistina og ljúktu við ljóðin:

Andaglas

Það liggur glas

á hliðinni …

Einu sinni enn

Fylgdu mér

segir þú …

5.

Lestu ljóðin hér – eitt í einu – og búðu til titil á hvert og eitt þeirra.

Punktaðu hjá þér af hverju þú valdir hvern titil, þ.e. hvað það var í ljóðinu sem fékk þig til að velja titilinn.

TITILL

aldrei var nokkurt eyland
jafn fagurt og frjálst
jafn glitrandi hlýtt
og nákomið mér
og daginn
sem mér tókst
að láta hafragrautinn
dansa í mjólkinni
í fyrsta sinn

Guðrún Hannesdóttir

TITILL

Þú óró hins myrka blóðs
og eitur grannra beina,
þú sem kemur í formleysi
og heldur dyrum hamingjunnar
í hálfa gátt.

Óvissa, óvissa,
hve innilega ég hata þig.
En daginn sem ég myrði þig,
mun hjarta mitt springa.

Stefán Hörður Grímsson

TITILL

Hamingjan
getur orðið svo hversdagsleg
að við köstum henni frá okkur
eins og notaðri flík
og fáum okkur nýja

seinna
þegar nýju fötin þrengja að
þá hugsum við með söknuði
um gamla flík

fékk hana kannski
einhver annar
var henni hent
eða hangir hún enn inni í skáp
og bíður eftir okkur

Þuríður Guðmundsdóttir

TITILL

Kári Tulinius

T 112

Ljóðagreining

6.

Um hvað er þetta ljóð?

Mikilvægasta manneskjan í lífi mínu

Þú komst inn í líf mitt
eins og ljósglæta
sem lýsir upp innstu myrkur
sálar minnar
líkt og í sjampóauglýsingu
þar sem allt breytist til batnaðar
ef þú prófar nýjasta undrasjampóið
– fyrir allt hár.
Þú ert ljósið í lífi mínu
undrasjampóið mitt.

Kristín Svava Tómasdóttir (13 ára)

- Hvað segir titillinn þér?
- Hvernig stemmning er yfir ljóðinu?
  Er það alvöruþrungið? Fyndið? Sorglegt? Hæðið?
- Hvað er það í ljóðinu sem skapar stemmninguna?
  Eru það ákveðin orð? Er það umfjöllunarefnið? Myndmálið?
- Hver er ljóðmælandinn?
- Hver er undrasjampóið?

7.

Um hvað er þetta ljóð?

Lífið

Skýin fljóta áfram
eins og iðandi fólkið á jörðinni.
Vindurinn þýtur um götur og stræti
eins og stressað fólk.
Sólin skín skært
eins og stjörnurnar í Hollywood.
Norðurljósin flæða um himininn
eins og stórfljót heimsins.
Regnboginn skín í sínum skærustu litum
eins og náttúra Íslands.

Björk Þorgrímsdóttir (14 ára)

- Hvað segir titillinn þér?
- Hvernig myndmál er í ljóðinu?
- Hvaða áhrif hefur myndmálið?
  Sérðu ljóðið fyrir þér?
- Hvernig myndir þú lýsa þeim fyrirbærum sem skáldið lýsir?
  – Skýin …
  – Vindurinn …
  – Sólin …
  – Norðurljósin …
  – Regnboginn …

Býr skáld í þér?

8.

Ljóðskáld semja um allt milli himins og jarðar og fá innblástur og hugmyndir úr öllum áttum. Nú skorum við á þig að velja eitt listaverkanna hér og nota það sem hugmynd í ljóð.

Annars konar ljóðagreining

9.

Finndu ljóðstafi og rím í ljóðinu. Útskýrðu rímið eins vel og þú getur.

Finndu merkingu undirstrikuðu orðanna og skrifaðu niður.

Mitt var starfið

Mitt var starfið hér í heim
heita og kalda daga
að skeina krakka og kemba þeim
og keppast við að staga.

Eg þráði að leika lausu við
sem lamb um grænan haga,
en þeim eru ekki gefin grið,
sem götin eiga að staga.

Langaði mig að lesa blóm
um langa og bjarta daga,
en þörfin kvað með þrumuróm:
„Þér er nær að staga.“

Heimurinn átti harðan dóm
að hengja á mína snaga,
hvað eg væri kostatóm
og kjörin til að staga.

Komi hel með kutann sinn
og korti mína daga,
eg held það verði hlutur minn
í helvíti að staga.

Theodora Thoroddsen

- Um hvað er þetta ljóð? Endursegðu það í stuttu máli – með þínum orðum.
- Hvert er hlutverk konunnar í ljóðinu?
- Hvað þráði hún og af hverju gat hún ekki látið drauma sína rætast?
- Hvenær heldurðu að þetta ljóð hafi verið samið?
- Ef ljóðið væri samið um karl, hvernig heldurðu að hans hlutverki væri lýst?
- Á þetta ljóð vel við í dag? Er staða kvenna lík því í dag sem lýst er í ljóðinu? Færðu rök fyrir máli þínu og nefndu dæmi.

Hér kemur sér vel að skoða handbækur, *Bragfræði* og orðabækur.

Taktu stöðuna!

Ég... SKILABOÐ

er með á hreinu muninn á hefðbundnum (bundnum) og frjálsum ljóðum (óbundnum).

skil hvað hugtakið ljóðmælandi er.

kann að finna ljóðstafi í ljóðum.

þekki mismunandi tegundir af rími í ljóðum.

Hvernig geta ljóð verið ólík? Finndu eins mörg dæmi og þér dettur í hug.

Hvaða atriði þekkirðu sem skapa stemmningu í ljóðum?

Hvernig er gott ljóð í þínum huga?

Er boðskapur í öllum ljóðum? Hvernig boðskapur finnst þér vera algengastur í þeim ljóðum sem þú hefur lesið?

Textaboð Senda

T 118

10. kafli

Öll þessi skilaboð

Smáauglýsingar eru engar smá auglýsingar

1.

Það vantar ritara fyrir forsetann.

Reyndu að sjá fyrir þér hvernig einstakling þú telur að henti í starfið. Semdu nú auglýsingu þar sem staða ritarans er auglýst. Hvernig á hún að vera svo draumaumsækjandinn þinn láti heillast og svari henni?

2.

Pitsusendill!

Það er brjálað að gera hjá Pepperoni Pitsu og þar vantar pitsusendil ekki seinna en strax. Hvaða eiginleikum þarf hann að búa yfir? Semdu auglýsingu þar sem þú leggur allt í sölurnar til að fá hæfasta sendilinn.

Latur

ungur maður óskar eftir vinnu, helst við að gera ekki neitt, en ef eitthvað er, þá sem minnst.
Tilboð sendist auglýsingadeild Mbl. fyrir 9. febrúar merkt: „Latur“ góð laun –8915

3.

Hver heldur þú að hafi verið tilgangur þess lata að hafa þessa fyrirsögn?

Hvaða áhrif heldur þú að fyrirsögnin hafi haft?

Skrifaðu lýsingu á þeim lata og hafðu í huga aldur, persónuleika, menntun og fyrri störf.

Af hverju er hann að leita sér að vinnu?

Komdu með tillögur að störfum þar sem sá lati gæti notið sín.

Semdu formlegt svar sem sá lati fær við auglýsingu sinni.

4.

Skrifaðu uppsagnarbréf Guðrúnar þar sem fram kemur af hverju hún er að hætta.

Manstu hvernig á að skrifa formlegt bréf?

Líttu í 5. kafla ef þú þarft að rifja það upp.

Hún Guðrún er að hætta

Nú þurfum við að finna manneskju til að fylla skarðið hennar, en hún hefur: Fært bókhaldið – passað upp á heftið – gert tollskýrslur og annað sem þurft hefur. Við hin þrjú á skrifstofunni erum sem sagt að leita að sjálfstæðri, samvinnuþýðri og brosmildri mannsekju. Sendið okkur línu á auglýsingadeild Mbl. ef þú telur þig passa í skarðið merkt: „Skarðið“ – 9947“ fyrir 11. febrúar.

5.

Semdu atvinnuumsókn fyrir þetta starf í nafni Guðrúnar.

Skrifstofustarf

Starf skrifstofumanns við landlæknisembættið er laust til umsóknar. Starfið fellst í símavörslu og almennum skrifstofustörfum og er laust nú þegar.
Eiginhandarumsókn með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf, sendist skrifstofu landlæknis, Laugavegi 116, 150 Reykjavík, fyrir 10. febrúar nk.
Allar nánari upplýsingar eru gefnar á skrifstofu embættisins.
Landlæknir.

6.

Hvernig er fjölskyldan sem óskar eftir heimilishjálpinni? Skrifaðu lýsingu á henni.

- Af hverju er óskað eftir konu í starfið?
- Semdu nýja auglýsingu þar sem ekki kemur fram að sótt sé eftir ákveðnu kyni.

Heimilishjálp Garðabæ

Barngóð kona óskast til að gæta 8 ára drengs og vinna létt heimilisstörf eftir hádegi.
Upplýsingar í síma 657228 á kvöldin og um helgar.

7.

Ímyndaðu þér að sá lati hafi áður verið í starfi heimilishjálparinnar. Skrifaðu bloggfærslu í nafni móður barnsins þar sem hún lýsir þeim lata í starfi – og því hvers vegna hún þurfi að finna nýja heimilishjálp.

8.

Ljónatemjari eða listaskáld? Hvert er draumastarfið þitt?

Skrifaðu stutta lýsingu á draumastarfinu þínu án þess þó að nefna starfsheitið.

Þú getur stuðst við þessi atriði:

- Hvað er það við starfið sem heillar þig?
- Hvaða hæfileika, eiginleika og menntunar er krafist?
- Er mikil útivist? Innivera? Líf og fjör? Rólegheit?
- Krefst starfið sjálfstæðis og einveru? Er mikil teymisvinna?
- Á hverju byggir það? Verslun? Þjónustu? Umönnun? Stjórnsýslu? Ævintýramennsku? Samskiptum? Tækni?

Verkefnum er síðan safnað saman og hver og einn dregur lýsingu annars nemanda og les fyrir bekkinn. Þekkið þið störfin sem lýst er? Vitið þið hver skrifaði hverja lýsingu?

Fleiri auglýsingar

9.

Semdu auglýsingu þar sem þú óskar eftir draumastarfinu.

Hvað finnst þér að þurfi að koma fram?

Hafðu þessi atriði á bak við eyrað þegar þú skrifar auglýsinguna:

- hverjir kostir þínir eru
- aldur, menntun og fyrri störf
- óskir þínar um laun og vinnutíma.

T 122

10.

Ertu grafískur hönnuður?

Fjöldi verslana selur sjónvarpstæki og önnur raftæki. Til að ná athygli kaupenda þurfa þær að vanda auglýsingarnar; hafa þær áhugaverðar, spennandi og grípandi.

Veldu aðra þessara auglýsinga og aðlagaðu hana nútímanum.

TÆKI SEM SEGIR SJÖ

Þér finnst nú kannske, að hér sé dálítið einkennilega að orði komist, en máliið skýrist. — Bæði er það, að menn eru að verða hálfbreyttir á SEX(!?) eftir allt það SEX tilstand, sem yfir hefur gengið síðustu misseri, og eins er hitt, að SJÖ er mjög þýðingarmikið í sambandi við tæki þetta, eins og reyndar öll GRUNDIG sjónvarpstæki. Ástæða þess er sú, að við gefum viðskiptavinum okkar kost á að sannreyna mynd- og tóngæði GRUNDIG sjónvarpstækjanna í einnnitt SJÖ daga án endanlegra skuldbindinga. Við vitum sem er, að allir sjónvarpstækjasalar lýsa kostum tækja sinna aðli fálglega fyrir væntanlegum viðskiptavinum, og getur því verið erfitt fyrir menn að átta sig á hlutunum. Þess vegna tökum við af skarið og bjóðum fólki SJÖ daga skilyrðislausan skilarétt (þú getur jafnvel skilað tæki, ef þér finnst, að það passi ekki í stofuna hjá þér, þegar til kemur), og viljum við á þennan hátt veita viðskiptavinum okkar tækifæri til að sannreyna fullyrðingar sölumanna okkar um ágæti GRUNDIG sjónvarpstækjanna. Myndskýrleiki og tóngæði eru auðvitað mikilvæg atriði, en við gleymum heldur ekki hinu, að ending og öruggt framboðar afnot hafa ekki síður gildi. Við getum að vísu ekki boðið SJÖ ára ábyrgð á GRUNDIG sjónvarpstækjunum, en hins vegar bjóðum við ÞRIGGJA ára ábyrgð, eða þrefalt lengri ábyrgð, en nokkur annar sjónvarpstækjasali býður. — Er nokkru við þetta að bæta?

NESCO HF.

LEIÐANDI FYRIRTÆKI Á SVIÐI SJÓNVARPS-, ÚTVARPS- OG HLJÓMTÆKJA.
LAUGAVEGI 10. SÍMAR: 19150 - 19192

10 Fimmtudagur 18. október 1973

TIL FERMINGARGJAFA

Mjög fjölbreytt úrval af

PLÖTUSPILURUM
SEGULBANDSTÆKJUM,
FERÐAVIÐTÆKJUM,
RRONSON HÁRÞURRKUM,
HÁRLIÐUNARJÁRNUM,
RAFMAGNSRAKVÉLUM.

RATSJÁ HF. LAUGAVEGI 47

Taktu stöðuna!

Ég... SKILABOÐ

geri mér grein fyrir muninum á ólíkum málsniðum og hvað notkun ólíkra orða getur haft mikil áhrif.

er klár á hvaða lágmarksupplýsingar þurfa að koma fram í starfsumsókn.

get núna horft á auglýsingu og greint hvernig hún talar til mín og hvaða leiðir eru notaðar til að ná til mín.

átta mig á að hraður yfirborðslestur á auglýsingum og fjölmiðlum er varasamur.

Hvað telur þú að þurfi að koma fram í atvinnuauglýsingu?

Hvaða máli finnst þér skipta að hafa atvinnuumsókn snyrtilega, vel upp setta og á góðu máli?

Hvað gera auglýsendur til að fanga athygli lesenda? Hvaða atriði detta þér í hug?

Hvers konar auglýsingar lest þú helst? Hvers vegna?

Textaboð Senda

Textatilvísanir

Textar eru sóttir í eftirtalin rit og útgáfur

Bls. 12 Í dagsins önn – Pistill á nams.is. Byggt á Arne Torp, 2005. Sótt 22.8.2013 af www.nams.is.

Bls. 13 *Vísindavefurinn*. Sótt 21.08.2013 af http://visindavefur.is/svar.php?id=50142

Bls. 22 Roald Dahl. 1996. *Matthildur*. Mál og menning, Reykjavík.

Bls. 25 Fréttatíminn, 7.11.2012. Sótt 27.08.2013 af www.frettatiminn.is

Bls. 28 Mbl.is., 12.11.2012. Sótt 21.08.2013 af www.mbl.is

Bls. 35 Mbl.is.,27.09.2012. Sótt 21.08.2013 af www.mbl.is

Bls. 40 Stoker, Bram. 2003. *Drakúla.* Þýð. Þorsteinn Gunnar Jónsson og Eva María Jónsdóttir. Bókaútgáfan Hólar, Akureyri.

Bls. 47 Sveinbjörn I. Baldvinsson. 1999. *Stjörnur í skónum*. Mál og menning, Reykjavík. Útgefandi: Íslenskir tónar.

Bls. 52 Þórður Helgason. 2010. *Vinur, sonur, bróðir.* Salka, Reykjavík.

Bls. 52 Umboðsmaður barna. Sótt 21.08.2013 af http://www.barn.is

Bls. 53 *Vísindavefurinn*. Sótt 21.08. 2013 af http://visindavefur.is/?id=1862

Bls. 54 Helgi Grímsson. 2009. *Árið 1918*. Námsgagnastofnun, Kópavogi, (bls. 5).

Bls. 54 *Mannslíkaminn*. 2011. Ýmsir höfundar. Námsgagnastofnun, Kópavogi, (bls. 80).

Bls. 55 Guðbjörg Pálsdóttir og Guðný Helga Gunnarsdóttir. 2005. Á*tta – tíu 1*. Námsgagnastofnun, Reykjavík, (bls. 60).

Bls. 55 Kristín Snæland. 2010. *Norðurlönd*. Námsgagnastofnun, Kópavogi, (bls. 30).

Bls. 56 *Skírnir,* 1.tbl., 113. árg., 1939 (bls. 42) Sótt 21.08.2013 af timarit.is.

Bls. 61 Ipads til alle. Sótt 21.08. 2013 af www.nordjyske.dk.

Bls. 67 *Vikan*, 13.tbl., 47. árg., 1985, (bls.48) Sótt 21.08.2013 af timarit.is.

Bls. 68 *Vikan*, 32. tbl., 48. árg., 1986, (bls. 51). Sótt 22.8.2013 af timarit.is.
Vikan, 3. tbl., 40. árg. 1978, (bls. 10). Sótt 27.08.2013 af timarit.is.
Vikan, 31. tbl., 47. árg., 1985, (bls. 56). Sótt 22.8. af timarit.is.
Vikan, 24. tbl., 42. árg., 1980, (bls. 63). Sótt 22.8.2013 af timarit.is.

Bls. 70 Guðmundur Óskarsson. 2012. Á tímum sem þessum lærirðu að lifa á nýjan leik. Í *Smásagnasmáræði*. Námsgagnastofnun, Kópavogi, (bls. 87–88).

Bls. 74 Kristín Svava Tómasdóttir. 1999. *Ljóð unga fólksins*, bls. 75.

Bls. 74 Björk Þorgrímsdóttir. 1999. *Ljóð unga fólksins*, bls. 84.

Bls. 76 *Stúlka: ljóð eftir íslenskar konur*. 1997. Helga Kress valdið efnið og bjó til prentunar. Bókmenntastofnun HÍ, Reykjavík.

Bls. 112 Guðrún Hannesdóttir. 2010. *Staðir*. Salka, Reykjavík.

Bls. 112 Stefán Hörður Grímsson. 1946. *Glugginn snýr í norður.* Reykjavík.

Bls. 112 Þuríður Guðmundsdóttir. 1985. *Það sagði mér haustið*. Skákprent, Reykjavík.

Bls. 112 Stilkatanka eftir Kára Tulinius. Sótt 22.8.2013 af www. flickr.com. Birt með leyfi höfundar.

Myndaskrá

Bls. 6 Marcel Mooij/Dreamstime.com
Bls. 7 Zoran Zeremski/Dreamstime.com
Bls. 7 Davíð A. Stefánsson
Bls. 21 © Finnur Torfi Gunnarsson, Jónas Reynir Gunnarsson
Bls. 22 Vectomart/Dreamstime.com
Bls. 24 Maria Wachala/Dreamstime.com
Bls. 28 Nordic Photos/Getty
Bls. 29 t.v. Ryan Stevenson/Dreamstime.com, efri t.h. Vegagerðin, www.vegagerdin.is, neðri t.h. Jirisykora83/ Dreamstime.com
Bls. 34 tv. Lbarn/Dreamstime.com
Bls. 34 t.h. Isselee/Dreamstime.com
Bls. 35 Morgunblaðið/Golli (Kjartan Þorbjörnsson)
Bls. 39 Allar Dreamstime.com / efri t.v. Viktor Kuryan, efri f.m. Pahham, efri t.h. Rozenn Leard, neðri t.v. Nuiiko, neðri f.m. Kelly Richardson, neðri t.h. Tatyana Gladskikh
Bls. 41 Zcetrt/Dreamstime.com
Bls. 48 báðar Dreamstime.com/t.v. Philcold, t.h. Sergey Rogovets
Bls. 49 Allar Dreamstime.com/efsta Irontrybex, miðja t.v. Lieska, miðja t.h. Elena Schweitzer, neðsta Bayda127
Bls. 50 Viktor Krajnyík/Dreamstime.com
Bls. 53 Helga Gerður Magnúsdóttir, birt með leyfi Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra
Bls. 56 Dmitry Rukhlenko/Dreamstime.com
Bls. 64 ©Kim Casali, Ást er … Allur réttur áskilinn. Dreifingaraðili Tribune Media Services
Bls. 65 © Finnur Torfi Gunnarsson, Jónas Reynir Gunnarsson
Bls. 66 Morgunblaðið/Arnaldur
Bls. 73 Kári Túlinius
Bls. 75 efri t.v. *Dimmalimm* (1921), Muggur, (Guðmundur Thorsteinsson), birt með góðfúslegu leyfi Forlagsins, efri t.h. *Systurnar á Stapa* (1948), Jóhannes Kjarval, Listasafn Reykjavíkur, neðri t.v. *Næturriddari*, *Ghost Rider* (1985), Erró, Listasafn Reykjavíkur, neðri t.h. White men, Swend Wiig Hansen, ljósmynd Carsten Medom Madsen/Dreamstime.com
Bls. 81 tímarit.is. Sótt 21.08.2013.

TIL NEMANDA

Þessi bók er eign skólans þíns og þú hefur hana að láni. Bækur eru dýrar og því mikilvægt að farið sé vel með þær. Gættu þess vel að skrifa ekki í þessa bók.

Gættu þess vel að skrifa ekki í þessa bók.
Svaraðu öllum skriflegum verkefnum í vinnubók.

Skóli			Bók nr. Tekin í notkun	
Nemandi/bekkur	Útlán: (dags.)	Ástand	Skil: (dags.)	Ástand

1) Nafn nemanda skal greinilega skrifað í línurnar hér að ofan.
2) Ástandi bókar við útlán og skil skal lýst þannig:
   N: ný bók, G: gott, S: sæmilegt, L: lélegt.

Kveikjur

Verkefnabók í íslensku

Langar þig að leika þér með íslenskuna um leið og þú lærir hana? Finnst þér spennandi að rannsaka tungumálið og nota það á skapandi hátt? Þá eru *Kveikjur* námsefni fyrir þig.

Íslenskan leggur grunn að tilvist okkar, þekkingu, skilningi og sjálfsmynd. Það besta sem við gerum er að leika okkur með hana af virðingu og krafti.

Kveikjur – textabók og *Kveikjur – verkefnabók* eru fyrstu tvær bækurnar í flokki námsefnis í íslensku fyrir unglingastig.

Höfundar eru Davíð A. Stefánsson og Sigrún Valdimarsdóttir.

NÁMSGAGNASTOFNUN
07071

ISBN 978-9979-0-1680-9